



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. október 2006 — 263. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MÁNUDAGUR

Fyrsta bók sinnar tegundar

Áki Árnason og Berglind Sigurðardóttir skrifuðu barnabók um stúlku sem á tvo feður.



TÍMAMÓT 22

Borat þarf að fá sér lífverði

Segir Asilya frá Kasakstan sem finnst hann fyndinn.



TILVERAN 16

Fjölgun á Suðurnesjum

Aðfluttur umfram brottflutta á Suðurnesjum voru fleiri á síðasta ári en á öllum síðasta áratug samantlagt. Þriðji hluti greinaflokks um byggðapróun er í blaðinu í dag.

GREINAFLOKKUR 18


Gummersbach vann Fram

Guðjón Valur Sigurðsson skoraði sextán mörk fyrir Gummersbach sem vann tólf marka sigur á Fram í gær.



ÍÞRÓTTIR 32

VEÐRIÐ Í DAG



SUÐLÆGAR ÁTTIR Í dag verður hæg suðlæg átt. Bjartviðri fyrir austan en skýjað og hætt við lítilsháttar vætu sunnan og vestan til. Hiti 5-10 stig.

VEÐUR 4

Fólksflæði mest til Íslands

Af Norðurlöndunum hafa Íslendingar hlutfallslega tekið á móti langflestum frá nýju aðildarríkjum ESB síðustu tvö ár. Um tvö prósent Íslendinga koma frá þessum löndum. Fólkið kemur aðallega frá Póllandi.

VINNUMARKAÐUR Íslendingar hafa hlutfallslega tekið við langflestum frá nýju aðildarlöndum Evrópusambandsins ef litið er á flæði til allra Norðurlandanna síðustu tvö árin. Þetta kom nýlega fram í erindi sem flutt var á alþjóðlegri ráðstefnu á vegum Vinnuálastofnunar. Fjöldi erlendra starfsmanna frá þessum löndum nemur tveimur prósentum af þeim sem búa á Íslandi.

Norðmenn hafa í heildina tekið við langflestum erlendum starfsmönnum. Þeir tóku við tæplega 42 þúsund manns frá nýju aðildarlöndunum og endurnýjuðu atvinnuleysi fyrir rúm 27 þúsund. Svíar tóku við tíu þúsund, Danir svipuðum fjölda, Íslendingar um 5.800 og Finnar aðeins fleirum.


Íslendingar endurnýjuðu tæplega 2.700 atvinnuleysi.

Ef fólksfjöldunin er skoðuð með tilliti til mannfjölda í viðkomandi löndum trónir Ísland efst með um tveggja prósentu hlutfall. Norðmenn eru næstir með tæpt prósent. Hlutföll annarra þjóða eru mun lægri.

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnuálastofnunar, segir greinilegt að aðgangstakmarkanir stjórni ekki flæði vinnuafis, það sé efnahagsástandið og framboð og eftirspurn á vinnumarkaði sem skipti máli. Gríðarlegur straumur hefur verið til Íslands í sumar og hafa um fjögur þúsund manns komið inn á vinnumarkaðinn hér. Má kannski líkja því við sprengingu.

ATVINNULEYFI

Veitt fólki frá nýju aðildarríkjum ESB 1. maí 2004 til 30. apríl 2006



„Þetta hefur verið stöðugt flæði og ef eitthvað er hefur það aukist frá opnuninni 1. maí. Við erum að tala um að fjögur þúsund manns hafi komið inn á vinnumarkaðinn í sumar og þá fyrst og fremst frá

Póllandi. Það virðist ekki koma fram neinn slaki í eftirspurninni eftir vinnuafli,“ segir hann.

Norðurlöndin eiga öll við svipuð vandamál að stríða því erfitt er að stjórna flæðinu. Stöðugt birtast fréttir um félagsleg undirboð á vinnumarkaði og mál koma inn á borð skattýfirvalda, lögreglu og verkalýðsfélaga.

Misjafnt er hvernig Norðurlöndin hafa tekið við fólki frá nýju aðildarríkjum ESB. Íslendingar og Finnar höfðu miklar aðgangstakmarkanir en opnuðu fyrir flæðið 1. maí með skráningu. Danir og Norðmenn hafa slakað á aðgangstakmörkunum en Svíar hafa haft galopin vinnumarkað í rúm tvö ár og hafa haft litla sem enga stjórn á þróuninni.

- ghs / sfs



BAÐAÐUR BLEIKU LJÓSI Höfði var lýstur upp með bleiku ljósi í gærkvöld í tilefni af alþjóðlegu árveknisátaki um brjóstakrabbamein. Krabbameinsfélagið tekur þátt í átakinu í sjöunda sinn í ár. Brjóstakrabbamein er algengasta krabbamein íslenskra kvenna og má tíunda hver þeirra búaast við að fá sjúkdóminn. Björn Ingi Hrafnsson borgarfulltrúi og Guðrún Agnarsdóttir forstjóri Krabbameinsfélagsins voru viðstödd athöfnina í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Fjölskylduharleikur í Ósló: Skaut þrjár systur sínar til bana

NOREGUR Þrjár systur á þritugsaldri fundust látnar í Kalbakken hverfinu í Ósló um klukkan átta að íslenskum tíma í gærkvöldi. Þær höfðu verið skotnar til bana og var bróðir þeirra handtekinn skömmu síðar grunaður um verknadinn.

Bróðirinn fannst um klukkustund síðar í Haugenstua hverfinu. Þegar lögreglan fann manninn mun hann hafa sagt: „Ég er líklega sá sem þið leitið að.“ Áður hafði lögreglan beðið fjórmenninga í nágrenni staðarins þar sem maðurinn fannst að yfirgefa íbúð sína vegna þess að grunur lék á um að hann ætlaði að myrða það fólk næst. Upplýsingar um tengsl mannsins við það fólk, eða hvað manningnum gekk til með verknadinn, liggja ekki fyrir. Hann var þó fluttur á sjúkrahús eftir að hann var handtekinn og telja norskir fjölmiðlar að hann eigi við geðræn vandamál að stríða.

- sh

Viðræður Kaupþings og FL Group um kaup á Icelandair halda áfram:

SAS sýnir Icelandair áhuga

VIÐSKIPTI Flugrisinn SAS hefur samkvæmt heimildum Fréttablaðsins sýnt áhuga á að kanna kaup á Icelandair. Forsvarsmenn SAS hafa sett sig í samband við FL Group og lýst áhuga á að skoða kaup á félaginu.

FL Group og Kaupþing eiga í viðræðum um kaup banksins á félaginu. Kjölfestan í kaupum Kaupþings er Ólafur Ólafsson, eigandi Samskipa. Samkvæmt heimildum ætla menn sér nokkra daga enn í að láta reyna á um hvort niðurstaða fæst úr þeim viðræðum.

Hópur fyrrverandi eigenda Vátryggingafélags Íslands sem skoðaði kaup í samvinnu við Glitni heldur að sér höndum og er talið nánast útilokað að þráðurinn verði tekinn upp aftur.



RÆTT UM KAUP Forsvarsmenn SAS hafa borið viðurnar í Icelandair sem FL Group ræðir nú sölu á.

Talið er að upphæðirnar sem rætt er um við sölu félagsins séu á bilinu 42 til 46 milljarðar fyrir rekstrarvirði félagsins, sem er eigið fé að viðbættum vaxtaberandi skuldum. Ef miðað er við eðlilega skuldsetningu er eigið fé metið á 24 til 28 milljarða. Eign FL Group í Icelandair er hins vegar bókfærð á átta milljarða. Söluhagnaður næmi því 16 til 20 milljörðum króna.

Aðilar samningaviðræðanna vörðust allra fréttu um gang mála, en búist er við að niðurstaða viðræðna liggja fyrir eftir nokkra daga.

Til stóð að skrá félagið á markað en sú ákvörðun bíður líklega nýrra eigenda.

- hh



Náttúruvernd og nýting náttúruauðlinda

Opinn morgunfundur Samtaka iðnaðarins fimmtudaginn 5. október á Hotel Nordica. Sjá nánar dagskrá á


www.si.is



Samtök iðnaðarins

LESTUR MEDAL 18-49 ÁRA

Lestur á fasteignablöð



Allt-fasteignir. á mánuðegi Fasteignablöð Morgunblaðsins

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í maí 2006.

SPURNING DAGSINS



Jóhann, fékk Laughton nokkuð kaldar kveðjur?

„Nei, við kvöddumst hlýlega, enda ágætir persónulegir vinir eftir að hafa gengið saman í gegnum eitt og annað síðastliðin ár.“

Jóhann Benediktsson, sýslumaður á Keflavíkflugvelli, kvaddi Mark Laughton, yfirmann flotastöðvar varnarliðsins, með virtum á laugardag.

Kona á sextugsaldri lést þegar ekið var á hana í fyrrinótt:

Talin hafa látist samstundis

BANASLYS Kona á sextugsaldri lést þegar ekið var á hana á gatnamótum Miklubrautar og Háaleitisbrautar á fjórða tímanum í fyrrinótt. Konan var á gangi á afrein sem liggur af Miklubraut inn á Háaleitisbraut til suðurs þegar bíl var ekið af Miklubraut inn á afreinina og á konuna. Talið er að hún hafi látist samstundis. Konan er 21. manneskjan sem lætur lífið í umferðinni það sem af er ári. Ekki er unnt að greina frá nafni hinnar látnu að svo stöddu.

Karlaður sem var á gangi með konunni slapp ómeiddur en ökumaður bílsins, karlaður á þrítugsaldri, var fluttur ásamt



LÖGREGLA Miklubraut var lokað í um tvær stundir vegna hins hörmulega slyss.

vitnum á slysideild til aðhlýnningu og áfallahljálpar.

Miklubraut var lokað í um tvær klukkustundir á meðan unnið var á vettvangi. Þá voru sex teknir fyrir ölvunarakstur um nóttina, þar af einn sem ók framhjá lokunum lögreglu á vettvangi banaslyssins.

Mjög margt var í miðborginni í fyrrinótt. Mikið var um ölvun og voru átta handteknir fyrir ölvun á almannaferi. Leigubílstjórnar borgarinnar höfðu ekki undan að flytja fólk til og frá skemmtistöðum og brugðu því fjölmargir á það ráð að ganga jafnvel langar leiðir eftir stofnbrautum til og frá miðbænum. Ekki er vitað hvort konan sem lést hafi verið á gangi sökum þessa.

-sh

Velti bíl við Grundarfjörð:

Hlaut innvortis meiðsl í bílveltu

LÖGREGLA Karlaður velti bíl sínum við Grundarfjörð í fyrrinótt. Bíllinn fór nokkrar veltur og var TF-Líf, þyrla Landhelgisgæslunnar, kölluð út um klukkan fimm til að sækja manninn, sem talinn var hafa hlotið innvortis meiðsl. Hann hafði fyrst verið fluttur á heilsugæslustöðina á Grundarfirði. Þyrlan flaug svo með hann á sjúkrahús í Reykjavík.

Maðurinn er ekki sagður í lífshættu. Á sögn lögreglu er hann grunaður um ölvunarakstur. Þá urðu tvær bílveltur til viðbótar á Snæfellsnesi í fyrrinótt, báðar á Fróðárheiði. Í þeim meiddist enginn teljanlega. -sh

Bóndi á níraðisaldri:

Féll af baki við smölun og lést

BANASLYS Karlaður á níraðisaldri lést eftir að hann féll af hestbaki ofarlega í Laxárdal í Dalasýslu í fyrradag. Maðurinn var bóndi og var við smalamennsku þegar slysið varð. Að sögn lögreglu virðist sem að hesturinn hafi hnotið um þúfu með þeim afleiðingum að maðurinn féll af baki. Maðurinn var hjálmaus og er talið að hann hafi látist samstundis.

Að sögn lögreglunnar á Búðardal er málið enn í rannsókn. Ekki er unnt að greina frá nafni mannsins að svo stöddu.

-sh

Flug til Bandaríkjanna:

Má taka gloss og handáburð

NOREGUR Bandarísk stjórnvöld hafa nú endurskoðað hertar reglur frá því í byrjun ágúst og leyfa að einhverju leyti vökva í handfarangri í flugi, ef marka má nýlega frétt norska dagblaðsins Aftenposten.

Blaðið segir að nú megi á nýjan leik taka vökva á borð við gloss og handáburð sem keyptur er í friðhöfnum með sér um borð í vélar á leið til Bandaríkjanna.

Bresk stjórnvöld hafa líka endurskoðað hertar reglur sínar og leyfa farþegum nú að hafa litla ferðatösku sem handfarangur.

-ghs

BJÖRGUN

Fjórir týndust á fjöllum

Þjörgunarsveitir leituðu í gær stúlku sem villtist í göngum á Brekknaheiði, milli Vopnafjarðar og Bakkafjarðar. Hún fannst heil á húfi undir kvöld. Tveggja gangnamanna var leitað á sömu heiði og fundust þeir heilir á húfi. Þá var maðni bjargað úr sjálfhældu ofarlega í Ingólfssjalli.



Á MIÐNESHEIÐI Mikill fjöldi herstöðvaandstæðinga fór í skoðunarferð um varnarliðssvæðið fyrrverandi í fylgd leiðsögumanna og kyraði baráttusöngva þrátt fyrir bann við háreysti.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

Herleysinu fagnað

Andstæðingar hersetu Bandaríkjamanna á Íslandi komu saman á Suðurnesjum og í Reykjavík í gær og fögnuðu brotthvarfi hersins. Sjötíu manns fóru í skoðunarferð um varnarsvæðið og á NASA hélt Jón Baldvin Hannibalsson ræðu.

HÁTÍÐAHÖLD Í kringum 70 herstöðvaandstæðingar fylktu liði til Suðurnesja í gær og skoðuðu herstöðina á Miðnesheiði, fyrstir almennra borgara eftir að Bandaríkjaher yfirgaf svæðið í gær. Ferðin var farin á vegum Samtaka herstöðvaandstæðinga og fór hópurinn um varnarsvæðið fyrrverandi í fylgd leiðsögumannssem sýndi þeim markverðustu og menguðustu staði þess.

Hópurinn hóf einnig upp raust sína af og til og kyraði alkunna baráttusöngva sína. Eftir að Bandaríkjaher hvarf á brott hefur slagorð samtakanna þó tekið breytingum, og í stað hins gamalkunna „Ísland úr NATÓ – herinn á brott“ stóð á skiltum þeirra slagorðið „Ísland úr NATÓ – herinn frá Írak“. Svæðið telst þó enn vera varnarsvæði og því var hópnun gert að lúta ströngum reglum sem bönnuðu meðal annars háreysti og ósæmilega háttsemi.

„Þetta var mikill gleðidagur,“ sagði Atli Gíslason, lögfræðingur



VOPNIN KVÖDD Jón Baldvin Hannibalsson flutti hátíðarræðu fyrir fullu húsi á NASA við Austurvöll. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

og varþingmaður vinstri grænna, sem var í ferðinni. „Manni auðnaðist sú gæfa að lifa þennan dásamlega dag og veðurguðirnir léku við hvern sinn fingur og voru greinilega mjög hamingjusamir með að herinn væri farinn.“

En brotthvarfi varnarliðsins var fagnað víðar. Þjóðarhreyfingin – með lýðræði hélt almennan borgarafund og hátíð á NASA við Austurvöll í gær af því tilefni, sem bar nafnið „Vopnin kvödd“.

Á fundinum flutti Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi utanríkisráðherra og sendiherra Íslands í Bandaríkjunum, innblásna hátíðarræðu auk þess sem ýmsir listamenn stigu á svið. Rit höfundurinn Pétur Gunnarsson flutti ávarp og læknirinn og varþingkona Sjálfstæðisflokksins Katrín Fjeldsted las ljóð sem, Matthías Johannessen orti í tilefni dagsins, og ber nafnið „1. október“.

„Því var svo vel tekið að hún var beðin að koma á sviðið að lesa það aftur,“ sagði Hans Kristján Árnason, einn forvígismanna Þjóðarhreyfingarinnar. Hann kvaðst ánægður með samkomuna. „Það var ljómandi vel mætt og samdóma álit allra að þetta hafi verið með smekklegustu samkomum sem haldnar hafa verið.“ Þá segir hann ræður þeirra Jóns Baldvins og Péturs tímamótargæður sem eflaust endi í sögubókunum. stigur@frettabladid.is

Sunday Times:

Sýnir myndband með Atta

BRETLAND, AP Myndband af Mohammed Atta, sem flaug farþegavél á annan Tvíbura-turnanna í New York í september 2001, var birt á vefsíðu Sunday Times í gær.



MOHAMMED ATTA

Þetta er í fyrsta sinn sem myndbandið er sýnt opinberlega. Myndbandið mun hafa verið tekið upp í þjálfunarbúðum al-Kaída í Afganistan í janúar 2000 og ætlað til sýningar eftir dauða Atta. Á upptökunni, sem er hljóðlaus, sést hann grínast við félagasinn og halda svo ræðu, alvarlegur í bragði.

Á myndbandinu sjást einnig myndir af Osama bin Laden, leiðtoga al-Kaída hryðjuverka-samtakanna. -smk

Óprúttinir í Reykjavík:

Margir keyra á og stinga svo af

LÖGREGLUMÁL Lögreglunni í Reykjavík var á laugardag tilkynnt um sex tilvik þar sem ekið hafði verið á mannláusar bifreiðar og síðan stungið af. Alls hafa 65 slík tilvik verið skráð í september.

Alls var tilkynnt um 543 umferðaróhöpp til lögreglunnar í Reykjavík í september. Að meðaltali eru það rétt riflega 18 óhöpp á degi hverjum. -sh

DANMÖRK

Tilvistarstefnan boðin upp

Eintak af Annaðhvort – eða eftir Søren Kierkegaard verður boðið upp í desember. Bókin er frá árinu 1849 og í henni er áritun höfundar til Hans Christians Andersen. Fjölskyldan sem lumaði á eintakinu gerði sér víst enga grein fyrir verðmæti bókarnnar.

Mannskætt slys í Kanada þegar samgöngumannvirki féll saman:

Fimm fórust er brú hrundi

KANADA, AP Minnst fimm manns fórust þegar tæplega tuttugu metra langur hluti brúar á mislægum gatnamótum hrundi í Montréal í Kanada á laugardag. Sex manns liggja á sjúkrahúsi og eru tveir alvarlega slasaðir.

Að sögn talsmanns samgöngueftirlits Quebec-fylkis höfðu ábendingar borist um að eitthvað væri ekki eins og það ætti að vera á brúnni um klukkutíma áður en atvikid varð, segir í frétt TVA-sjónvarpsstöðvarinnar af slysinu. Fram kom að brúin virtist hafa lækkað um nokkra þumlunga. Eftirlitsmaður var þegar í stað sendur á staðinn og var hann mættur um hálf tíma áður en slysið varð, en brúnni var þó ekki lokað.

Brúin var byggð árið 1970 og hefur hingað til staðist öll öryggispróf.

Þetta er í annað sinn á sex árum sem mannskætt slys verður þegar brú á mislægum gatnamótum hrynur í þessum hluta Montréal. Árið 2000 fórst maður þegar átta 70 tonna stólpar brúar í byggingu hrundu ofan á bíl hans.

-smk



LEITAD AÐ FÓLKI Þjörgunarmenn leita að fólki í brakinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

BÍLL DAGSINS

VT960 MITSUBISHI LANCER 1.6

Nýskr. 11.03 - Sjálfskiptur - Ekinn 28 þús. - Allt að 100% lán.



Verð
1.380.000,-

Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opíð: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Hver var að segja að hann langaði til að fara út á land?



ISLENSKA AUGTUNGASTOFAN/SIA/SJIS TOY 34306 012086

Hilux - Enn betur útbúinn!

Nú er tækifæri til að eignast nýjan Hilux Double Cab, fjallkóng, vinnuþjark og borgarbarn sem enginn stenst snúning við íslenskar aðstæður. Nú bjóðum við Toyota Hilux DC með veglegum aukahlutapakka, 31" heilsársdekkjum, dráttarbeisli og þokuljós um að verðmæti 219.000 kr.

Þú færð ekki styrk og öryggi á hagstæðara verði.

Nýr Hilux með 2,5 lítra D-4D samrásainnspýtingar dísilvél er rýmri, hljóðlátari og rennilegri. Togið er einstakt, 260 Nm á 1600–2400 snm (í fjórhjóladrifi). Hilux er byggður á sterkri, sjálfstæðri grind úr sérrýðvörðu stáli, er með háan undirvagn og af stöðluðum öryggisbúnaði má nefna t.d. loftpúða hjá báðum framsætum og ABS-hemlakerfi.

Verð **2.930.000 kr.***



31" Heilsársdekk



Dráttarbeisli



Þokuljós á framstuðara

Aukahlutapakki að verðmæti 219.000 kr.*



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

*Gildir fyrir Toyota Hilux Double Cab

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	69,91	70,25
Sterlingspund	130,75	131,39
Evra	88,53	89,03
Dönsk króna	11,87	11,94
Norsk króna	10,752	10,816
Sænsk króna	9,536	9,592
Japanskt jen	0,5926	0,5926

SDR	103,15	103,77
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
122,4036		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Guðfinna S. Bjarnadóttir, rektor Háskólans í Reykjavík, hellir sér út í stjórn málin:

Stefnir á 3. sætið í Reykjavík

STJÓRN MÁL Guðfinna S. Bjarnadóttir, rektor Háskólans í Reykjavík, hefur ákveðið að gefa kost á sér í 3. sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík fyrir komandi þingskosningar. Guðfinna tilkynnti þetta á blaðamannafundi í Tónó í gær.

Guðfinna segist lengi hafa haft áhuga á að gerast þingmaður en ákvörðunin nú hafi þó átt sér stuttan aðdraganda. Hún hyggst ljúka þessu skólaári ef stjórn skólans gerir ekki athugasemdir við það. Hún mun síðan í framhaldinu taka ákvörðun, út frá genginu í prófkjörinu og í samráði við stjórn skólans, um hvort hún haldi áfram sem rektor.

Spurð um væntingar sínar segist Guðfinna alltaf vera baráttuglöð og bjartsýn. „En að sama skapi er ég mjög raunsæ og mun setta mig algjörlega við dóm kjósenda.“

Guðfinna er með MA-gráðu í sálfræði og doktorsgráðu í árangursstjórnun frá West Virginia University. Hún hefur starfað sem rektor HR frá árinu 1998 og setið í stjórnum fjölmargra fyrirtækja og í ýmsum nefndum og ráðum á Íslandi og í Bandaríkjunum.

Áður hafa Ásta Möller og Illugi Gunnarsson lýst yfir framboði í 3. sætið. Þá stefnir Pétur H. Blöndal á 2. til 3. sæti og Birgir Ármannsson á 3. til 5. sæti. -sh



Á LEIÐ Í PRÓFKJÖR Guðfinna segist bjartsýn og baráttuglöð að eðlisfari en jafnframt raunsæ. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Hávaði og slagsmál í Keflavík

LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Keflavík hafði í nógu að snúast í fyrrinótt, en ölvun, slagsmál og hávaðaútköll settu svip sinn á nóttina.

Tvær minniháttar líkamsárásir voru tilkynntar, önnur á skemmtistaðnum H-punktinum og hin á Njarðarbraut.

Þá voru tvær rúður brotnar, önnur í verslun að Hólmgarði 2 og hin hjá Lyfjum og heilsu í Suðurgötu. Þar hafði hins vegar ekki verið farið inn, og því virðist sem um hreina skemmdarfýsn hafi verið að ræða.

Þá var einn ökumaður stöðvaður grunaður um ölvun. -sh

Michael E. Porter á Íslandi:

Porter verður heiðursdoktor

HEIMSÓKN Michael E. Porter, prófessor við Harvard-háskóla, sem talinn er einn fremsti hugsuður heims á sviði stefnu- og stjórnmála, verður sæmdur heiðursdoktorsnafnbót við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands í dag.

Porter er á landinu á vegum Capacent Gallup og mun halda erindi um skýrslu sem hann hefur unnið um samkeppnishæfi landsins.

Eftir heimsókn sína til Íslands mun Porter fara rakiðis til Rússlands og ræða þar við forseta landsins, Vladímír Pútín. -sh

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins:

Sækist eftir fjórða sæti

STJÓRN MÁL Dögg Pálsdóttir hæstaréttarlögmaður gefur kost á sér í fjórða sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.



DÖGG PÁLSDÓTTIR

Dögg er lögræðingur frá Háskóla Íslands og hefur um tíu ára skeið rekið eigin lögmansstofu og fasteignasölu. Einnig er hún aðjúnkt við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

Dögg hefur gegnt trúnaðarstörfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn meðal annars sem varaformaður Hvatar, félags Sjálfstæðiskvenna í Reykjavík. -jóa

LÖGREGLUFRETTIR

Ofsaakstur í Reykjavík

Fimm voru teknir fyrir of hraðan akstur í fyrrinótt. Einn var tekinn á 139 kílómetra hraða á Krínglumýrabraut þar sem hámarkshraði er 80 km og annar á Sæbraut á 137 kílómetra hraða þar sem hámarkshraði er 60. Hann var sviptur ökuleyfi á staðnum.

Alvarlegar ásakanir á Bush og stjórn hans

Bandaríkjaforseti og stjórn hans fá harða útreið í bók virts blaðamanns sem gefin verður út í dag. Þar eru ríkisstjórnin og George W. Bush sökuð um að fela fyrir þegnum landsins hversu víðtæk og alvarleg upplausnin í Írak er orðin. Jafnframt kemur fram að Henry Kissinger sé orðinn einn aðalráðgjafi Bush.

BANDARÍKIN, AP George W. Bush Bandaríkjaforseti reynir að leyna því hversu alvarlegt ástandið er orðið í Írak, segir í bókinni State of Denial, eða Ríki afneitunar, eftir virtan bandarískan blaðamann, Bob Woodward. Bókin kemur út í dag.

„Uppreisnarseggirnir vita hvað þeir eru að gera, þeir þekkja hversu víðtækt ofbeldið er og hversu mikil áhrif það hefur,“ sagði Woodward nýlega í fréttaviðtali við breska ríkisútvarpið, BBC, og bætti við að bandaríska þjóðin hefði aftur á móti ekki hugmynd um hið sama.

Bush og talsmenn Hvíta hússins hafa reynt að afneita upplýsingunum sem í bókinni er að finna. Sagði Tony Snow, talsmaður Hvíta hússins, að bókin væri líkt og „bómullarsykur“ sem virðist matarmikill, en „bráðnar við snertingu“.

Woodward, sem starfar sem aðstoðarráttgjafi Washington Post, hefur skrifað tvær aðrar bækur um Bush og stjórn hans, en hefur hingað til að mestu leyti látið vera að gagnrýna forsetann. Bækur hans hafa í raun verið taldar til skyldulesningar fyrir stuðningsmenn Bush.

Þó hafa talsmenn Hvíta hússins staðfest þær fregnir sem fram koma í bókinni um að fyrrum utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Henry Kissinger, sé nú einn aðalráðgjafi Bush.

Woodward segir Dick Cheney, varaforseta Bandaríkjanna, hafa upplýst sig um að Kissinger, sem starfaði undir Richard Nixon og Gerald Ford forsetum meðan á Viet-



BANDARÍKJAFORSETI George W. Bush Bandaríkjaforseti er undir miklu álagi þessa dagana, en í dag kemur bók blaðamannsins virta Bobs Woodward út, þar sem Bush fær afar harða útreið og er sagður lífa í afneitun varðandi ástandið í Írak.

namstríðinu stóð, væri orðinn afar náinn vinur Bush.

„Hann er kominn aftur. Í raun er eins og Henry Kissinger sé einn af fjölskyldunni. Sé hann staddur í bænum getur hann bara hringt og ef forsetinn er laus, þá hittast þeir,“ sagði Woodward.

Að mati Kissingers geta Bandaríkjamenn ekki yfirgefið Írak fyrir en sigur er í hönd, að sögn Woodward.


„Þetta er heillandi. Kissinger hefur endurvakið Vietnamstríðið,“ sagði Woodward, sem var einn

tveggja blaðamanna sem komu upp um Watergate-hneykslið í tíð Nixons.

Í bókinni segir jafnframt að Andrew Card, fyrrverandi starfsmannastjóri Hvíta hússins, hafi í tívang reynt að fá Bush

til að reka varnarmálaráðherra landsins, Donald Rumsfeld, í seinna skiptið með aðstoð Lauru, eigin konu Bush. Umleitan þeirra bar þó ekki árangur.

Bókin kemur í bókabúðir vestra í dag og gera má ráð fyrir að hún seljist afar vel. smk@frettabladid.is



BOB WOODWARD „Þetta er heillandi. Kissinger hefur endurvakið Vietnamstríðið.“



VIÐ VÍGSLU Vigsluþegarnir bíða eftir að vera vígðir inn í embætti af biskupi Íslands, Karli Sigurbjörnssyni.

Djákna- og prestsvígsla:

Þrjár vígðir til embætta

ÞJÓÐKIRKJAN Prests- og djáknavígsla fór fram í Dómkirkjunni í gær. Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, vígði Jóhönnu Guðrúnu Ólafsdóttur til djákna og Hans Guðberg Alfreðsson og Guðmund Örn Jónsson til presta.

Jóhanna Guðrún hefur verið ráðin sem skóladjákni í Garðasókn, Kjalarnessprófastsdæmi. Hans Guðberg hefur verið kallaður af Garðasókn til þjónustu sem skólaprestur í Garðabæ og Guðmundur Örn hefur verið skipaður sem prestur í Vestmannaeyjaprestakalli í Kjalarnessprófastsdæmi. -jóa

BRASILÍA

Þriggja daga þjóðarsorg

Luiz Inacio Lula da Silva, forseti Brasilíu, lýsti yfir þriggja daga þjóðarsorg í landinu eftir að Boeing 737 farþegaflugvél með 155 manns innanborðs hrapaði í skógum Amazon á föstudag. Talið er að allir um borð hafi farist.

Da Silva sigurstranglegur

Kosningar fóru fram í Brasilíu í gær. Bentu skoðanakannanir til að núverandi forseti, Luiz Inacio Lula da Silva, bæri sigur úr þýtum. Búist var við að yfir 125 milljón Brasilíumenn myndu kjósa, svo gera má ráð fyrir að talingin taki nokkra daga. Kjósendum ber skylda til að nota atkvæði sitt í Brasilíu.

NÝ & BETRI

Nýr og betri Lífsstíll

Afslappandi og uppbyggjandi vikudvöl fyrir konur á lúxushótelinu Princesa Yaiza. Nýr og betri lífsstíll, þar sem reyndir leiðbeinendur halda frábær námskeið. Heil vika af leikfimi, yoga, slökun, fyrirlestur, thai-nuddi, dansleikfimi og fleiru. Segðu streitunni stríð á hendur og endurskapaðu eigin persónu í haustvintýri á Lanzarote.

Verð: 77.500,- Byggðu upp líkama og sál 17.-24. október

17.-24. október 2006
m.v. 2 saman í svitu. Innifalið í verði: Flug, skattar, gisting með morgunverði, námskeið og námskeiðsgögn.

www.sumarferdir.is

Mundu eftir MasterCard ferðaávisunni

Sími 575 1515

SUMAR FERÐIR

ERU BETRI EN AÐRAR!

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

ER AÐ SNÚAST Í SUÐRÍÐ

Nú eru breytingar í farvatninu. Eftir norðlæggar áttir og fremur svalt veður fer hann að anda af suðri og samfara því hlýnar heldur. Í dag verður yfirleitt hæglaetisveður en heldur vaxandi sunnanátt er á landinu vestanverðu með morgninum. Það verður yfirleitt úrkomulítið í dag en á morgun verður ákveðnari úrkoma sunnan og vestan til.

VEDURHORFUR Í BORGinni Í DAG

Hæg suðlæg átt. Þykkar smám saman upp og hætt við líflsháttar vætu þegar líður á daginn. Heldur hlýnandi.

um hádegi »

5-13 m/s hvassast við vesturstöndina.

» á morgun

3-8 m/s.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	16°C skúrir	London	20°C skúrir	Alicante	29°C hálfskýjað
Billund	15°C rigning	Paris	17°C skúrir	Mallorca	26°C hálfskýjað
Oslo	13°C rigning	Frankfurt	18°C rigning	Algarve	25°C hálfskýjað
Stokkhólmur	16°C skúrir	Friedrichshafen	23°C skúrir	Krit	25°C hálfskýjað
Gautaborg	15°C rigning	Berlin	19°C skúrir	Las Palmas	28°C heiðskirt

* Vinndraði er í metrum á sekúndu.

ÓDÝRASTA ADSL TENGING Á ÍSLANDI

ADSL VERÐHRUN!

**512
Kb/s**

ÓTAKMARKAÐ
NIÐURHAL!

BTNET
Þvítt bitar • meiri hraði

Eingöngu
hjá BT!

**ÓTAKMARKAÐ
NIÐURHAL!**

1.990

3.990

www.btnet.is - þjónustuver sími 588 1234

KJÖRKASSINN



Hefur þú séð íslenska kvikmynd á árinu?

Já	35%
Nei	65%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ertu ánægð(ur) með að herinn sé farinn?



Skólameistari Menntaskólans á Egilsstöðum íhugar að lögsækja Persónuvernd:

Vill myndavélar á gangana

ÖRYGGISMÁL Skólameistari Menntaskólans á Egilsstöðum, Helgi Ómar Bragason, segir að hann sé að skoða hvort grundvöllur sé fyrir að kæra úrskurð Persónuverndar vegna öryggismyndavéla á heimavist skólans. Stofnunin hafði áður úrskurðað að skólanum væri ekki heimilt að hafa öryggismyndavélar á göngum heimavistarinnar.

Enn er heimilt að hafa myndavélar á almennum svæðum og utandyra en Jón Ómar segir það ekki nóg. „Það hafa verið framin skemmdarverk og stolið úr herbergjum hérna. Þetta er liður í að

sporna við því.“ Særún María Gunnarsdóttir hjá Persónuvernd segir að myndavélar hafi fyrst verið bannaðar í framhaldi af öðru máli. „Þetta var tilkomið vegna ábendinga í kjölfar sambærilegs máls á Sauðarkröki þar sem raf-rænni vöktun var hagað með svipuðum hætti á heimavist. Það mál var tekið upp sem frumkvæðismál og til að gæta jafnræðis var þetta sett í svipaðan farveg.“

Lilja Kristín Jónsdóttir, formaður nemendafélags MÚ, segir að skiptar skoðanir sé meðal nemenda um ágæti eftirlitsins. „Ég persónlega er ekkert sérlega



MENNTASKÓLINN Á EGILSSTÖÐUM Skólameistarinn vill koma í veg fyrir skemmdarverk og þjófnaði.

hrifin af þessu en svo eru aðrir sem eru ekkert að hugsa mikið um þetta.“

- þsj

Sænskir nýnasistar:

Fjórir handteknir í ferju

SVÍÞJÓÐ Fjórir sænskir nýnasistar voru handteknir eftir að þeir sýndu ferjufarþegum, sem ekki litu út fyrir að vera norrænir, kynþáttafordóma og ofbeldi á laugardag, segir á fréttavef sænska dagblaðsins Dagens Nyheter.

Ferjan Skandinavíuprinsessan var á leið frá Kristiansandi í Noregi til Gautaborgar í Svíþjóð þegar mennirnir hófu dólgslæti sín og létu ekki af þeim þótt starfsfólk ferjunnar hefði skipt sér af þeim.

Ein kona og tveir menn munu hafa verið beitt ofbeldi, að sögn Ola Lindow lögregluþjóns. - smk

AUSTURRÍKI

Stjórnin fallin

Þingkosningar voru haldnar í Austurríki í gær. Þegar öll atkvæði nema utankjörstaðatkvæði höfðu verið talið var ljóst að stjórnin væri fallin og að Sósíaldemókratar hefðu náð afar naumum meirihluta. Þó úrslitin hefðu ekki verið gerð opinber benti flest til að Alfred Gusenbauer yrði næsti kanslari landsins.

BOSNÍA

Sterk ítök þjóðernisflokka

Bosníumenn kusu nýtt þing í gær, sem ætlað er að brúa bilið sem enn ríkir meðal þegna landsins eftir borgarastríðið þar árin 1992 til 1995, sem og að leiða Bosníu inn í Evrópusambandið. Þjóðernisflokkar eiga mjög sterk ítök í landinu, þó sífellt fleiri Bosníumenn líti nú til flokka sem eru hlyntir frekari sameiningu innan landsins.

Skólplögnin er í vafasömu ástandi

Skólplögnin á varnarsvæðinu er í vafasömu ástandi, vatnslagnir þarf að endurnýja og breyta þarf rafmagninu til að mæta evrópskum stöðlum. Faglega úttekt þarf að gera á fasteignunum. Kostnaður við breytingar verður gríðarlegur.

VARNARSVÆÐIÐ Ýmis vandkvæði fylgja því að taka við því tæplega fimm þúsund manna sveitarfélagi sem brátt stendur autt á Keflavík-urflugvelli. Haraldur Magnússon, eftirlitsmaður fasteigna hjá varnarliðinu, lét af störfum nú um helgina. Hann segir að íbúðirnar á svæðinu séu tveggja til fimm herbergja og yfirleitt í ágætis ástandi. Sumar hafi verið endurgerðar en aðrar þurfi að laga, til dæmis séu gluggar farnir að leka í sumum gömlu húsanna.

„Skólplögnin er í vafasömu ástandi og ýmislegt þarf að laga. Það er til dæmis ekki búið að endurnýja lagnakerfið nema að litlum hluta og nánast ekkert í jörðu,“ segir hann og telur vatnsleiðslur á mörkum þess að vera ónýtar. „Bandaríkjamennirnir voru með íblöndunarkerfi í vatninu hjá sér og það hefur farið illa með leiðslur og annað.“

Haraldur bendir á að rafmagninu sé stórlega ábótavant samkvæmt evrópskum stöðlum og undir það tekur Helgi Rafnsson, einn eigenda Rafholts. Helgi segir ekki hægt að komast hjá því að breyta og endurnýja rafmagnið á svæðinu. Hægt sé að hafa brautarljós og radarinn á sextíu voltum en öllu öðru þurfi að breyta í samræmi við evrópska staðla.

„Þetta er stórt verkefni upp á hundruð milljóna ef ekki milljarða króna. Það þarf að athuga hvort hægt sé að endurnýta lagnir í jörðu og væntanlega þyrfti að breyta dreifikerfinu fyrir rafmagnið í jörðinni. Við erum að tala um gríðarlega kostnaðarsama aðgerð og ekki hægt að komast hjá



EFTIRLITSMÁÐUR MEÐ FASTEIGNUM Haraldur Magnússon, eftirlitsmaður með fasteignum á varnarsvæðinu, er í hópi þeirra Íslendinga sem þekkja varnarsvæðið og ástand fasteigna þar hvað best. Hann telur skólplögnina „í vafasömu ástandi“ og vatnsleiðslur á mörkum þess að vera ónýtar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VIKURFRÉTTIR

því ef þetta húsnæði á að nýtast við íslenskar aðstæður og samkvæmt íslenskum reglugerðum,“ segir hann.

Engar svalir eru utan á mörgum stigahúsum þannig að engir neyðarútgangar eru í þessum húsum. Haraldur telur að gera þurfi faglega úttekt á fasteignunum á svæðinu og dýrt verði að gera upp sum húsin, það hljóti að kosta tugi milljarða króna. Hann veltir upp þeirri spurningu hvort húsin standist þær kröfur sem Íslendingar geta til bygginga.

Enn er óákveðið hvað gert verður við fasteignirnar. Fasteignasalar hafa enga trú á að þær fari á markað enda talið að það myndi hafa slæm áhrif á markaðinn.

ghs@frettabladid.is

877 ÍBÚÐIR

Verðmæti fasteignanna á varnarsvæðinu á Reykjanesi nemur líklega minnst tugum milljarða króna sé hægt að koma þeim í verð. Á svæðinu eru flugskýli, hótél, tveir fullbúnir skólar, verslunarhús, þrjú klúbbahús, sjúkrahús, lögreglustöð og svo mætti lengi telja. Blokkar-íbúðirnar eru 877 talsins.

Til stóð að loka hundrað þeirra og endurgera fyrir nokkur hundruð milljónir króna. Miðað við 777 íbúðir að verðmæti 12-15 milljónir króna hver gæti heildarverðmæti íbúðanna verið á bilinu níu til ellefu milljarðar króna. Þau eins manns herbergi, sem eru á svæðinu, eru ekki tekin með í reikninginn.

Um 55.000 ferðamenn komu til landsins með skemmtiferðaskipum í ár:

Síðasta skip sumarsins farið

SJÓFLUTNINGAR

Faxaflóahafnir áætla að um 55.000 erlendir ferðamenn hafi komið með skemmtiferðaskipum til Reykjavíkur í sumar. Það er sami fjöldi og í fyrra, þegar einn af hverjum sjö erlendum ferðamönnum kom til landsins með skemmtiferðaskipi sem lagðist að Reykjavíkurhöfn.

Ferðamönnum sem koma til landsins á þennan máta hefur fjölgað á undanförunum árum. Árið 2001 komu um 27.500 manns til landsins með skemmtiferðaskipum, en um 45.000 árið 2004. Í fréttatilkynningu frá Faxaflóahöfnum segir að með tilkomu Skarfabakka, nýs hafnarbakka í Sundahöfn sem tekinn var í notkun í sumar, hafi aðstaða Reykjavíkurhafnar til móttöku skemmtiferðaskipa stórbætast og skapi Skarfabakki möguleika á enn frek-



STAR PRINCESS Skemmtiferðaskipið fór á laugardag eftir um níu klukkutíma langa heimsókn. Flestir farþeganna áttu pantaðar skoðunarferðir í landi. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

ari sókn inn á þennan markað á komandi árum.

Star Princess frá Bermúda var síðasta skemmtiferðaskip sumarsins, en með því eru skip sumarsins orðin 74. Star Princess fór frá Reykjavík á laugardagskvöld

eftir að hafa staldrað við í um níu klukkutíma, en um 1.800 af 2.000 farþegum skipsins áttu pantaðar skoðunarferðir hér á landi á þeim tíma. Níu af skemmtiferðaskipum sumarsins stöldruðu við yfir nótt.

- sun

FLUGÞING 2006

HOTEL NORDICA 4. OKTÓBER 2006

Íslensk flugmál í brennidepli

08:30 Afhending þinggagna hefst.

09:00 Setning Flugþings 2006
Sturla Böðvarsson samgönguráðgjafi

09:10 Ávarp Dr. Assad Kotaite fyrrum forseta fastaráðs ICAO

Kröfur samfélagsins til flugsins
Umræðustjóri: Ómar Benediktsson forstjóri

09:30 Demands on Modern Air Transport
Kieran Daly, ritstjóri Flight International

09:45 Kröfur til íslenskrar flugstarfsemi
Þorgeir Pálsson, flugmálastjóri

10:00 Pallborðsumræður um kröfur til flugsins

10:30 Kaffihlé

Tækifæri og þarfir flugsins

Umræðustjóri: Pétur K. Maack framkvæmdastjóri

10:45 Opportunities and Needs of the Air Transport Industry
Brian Pearce, aðalhafnifráeðingur IATA

11:00 Tækifæri og þarfir Ícelandair
Jón Karl Ólafsson, forstjóri Ícelandair

11:15 Tækifæri og þarfir Air Atlanta Icelandic
Hannes Hilmarsson Forstjóri Air Atlanta Icelandic

11:30 Pallborðsumræður um tækifæri og þarfir íslenskrar flugstarfsemi

12:15 Hádegisverður á Hótel Nordica

Skipan flugmála á Íslandi

Umræðustjóri: Bjarni Benediktsson, þingmaður og varaformaður Flugráðs

13:30 Restructuring of Civil Aviation in Denmark
Kurt Lykstoft Larsen, flugmálastjóri Danmerkur

13:45 Markmið breytts skipulags Íslenskra flugmála
Hilmar B. Baldursson flugrekstrarstjóri Ícelandair

14:00 Pallborðsumræður um skipan íslenskra flugmála

14:45 Kaffihlé

Rekstur íslenskra flugsamgöngukerfisins

Umræðustjóri: Haukur Hauksson varaflugmálastjóri

15:00 Rekstur Keflavíkurflugvallar
Björn Ingi Knútsson, flugvallarstjóri á Keflavíkurflugvelli

15:15 Rekstur Íslenskrar flugsamgangna
Jón Karl Ólafsson, forstjóri Ícelandair

15:30 Pallborðsumræður um rekstur flugsamgöngukerfisins

16:30 Samantekt
Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri

17:00 Flugþingi 2006 slitið - Móttaka í boði samgönguráðgjafa



SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ
MINISTRY OF COMMUNICATIONS

Skráning fer fram á www.flugmalastjorn.is

Hollt og gott á mánudegi

Sjáðu þetta

40 spennandi tegundir

Meðal annars:

- Kjúklingur
- Hummus
- Kjúklingabollur
- Ferskar melónur
- Mozzarella salat
- Romain salat
- Kjúklingabollur í salsasósu
- Kús kús tandoori
- Tortelini m/engifer
- Spelt pasta
- Alabama salat
- Heilhveiti pasta
- Ávaxtasalat í kókósskysósu
- Kryddfeti í olíu
- Sólpurkaðir tómatar
- Ætipistill

...og margt fleira


Hollt & Gott



Með hverju keyptu salatboxi fylgir
0.5 ltr. t2 með í kaupbæti.*

*Tilboðið gildir til 31. október.



Rúnar Gíslason
Matreiðslumeistari og sjónvarpskokkur
kokkarnir.is



Kjöt & fisktorgið

Laxaréttur

í chili, engifer og hvítlauk

Sett í eldfast mót og eldað í u.þ.b.
10-15 mínútur við um 200°C eða steikt
á pönnu í um 20 mín.

TILBOÐ

1.490 kr/kg

Verð áður 1.989,-

Gildir 2. október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Ford
Nýtt tákni um gæði

Ford Escape XLS 4x4
2,3l 5 dyra sjálfstýrtur*
Uppskerutilboð 2.850.000 kr.
Bílasamningur 34.300 kr.
Rekstrarleiga 48.100 kr.

Uppskeruhátíð
Góð tíð 2.850.000 kr.
Komdu á Uppskeruhátíð Brimborgar í dag. Ofutilboð.

Veldu Ford. Við staðgreiðum gamla bílinn þinn

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu uppskerutilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford á uppskeruverði.

Aflaðu þér
frekari upplýsinga
www.ford.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bílasamningur er lán með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustuetílit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



Jumbo

NÝTT & BETRA

NÝR OG BETRI JUMBÓ Í NÆSTU VERSLUN

Kársnesbraut 112 | 220 Kópavogi | Sími 554 6999 | Fax 554 6239 | jumbo@jumbo.is | www.jumbo.is

550 5600

Hringdu ef blaðið berst ekki



Tvær vikur eru frá valdaráninu í Taílandi:

Herforingi verður forsætisráðherra

TAÍLAND, AP Hershöfðinginn fyrrverandi, Surayud Chulanont, var í gær svarinn í embætti forsætisráðherra Taílands. Tvær vikur eru frá valdaráni stjórnarhersins þar í landi og völdu yfirmenn hersins Surayud í embættið þrátt fyrir fyrri yfirlýsingar um að herinn myndi ekki sitja lengi við völd.



SURAYUD CHULANONT Nýr forsætisráðherra Taílands.

Surayud, sem er 63 ára

og var í hernum í fjóra áratugi, segist ætla að einbeita sér að því að koma friði og jafnvægi á í landinu.

Thaksin Shinawatra, fyrrverandi forsætisráðherra sem bolað var burt á meðan hann var staddur erlendis, var grunaður um víðtæka spillingu.

Gert er ráð fyrir að kosningar fari fram í landinu eftir ár.

- smk



MÁLÞING UM HEILASKAÐA Markmið málþingsins var að auka umræðu og skilning fólks á hlutskipti einstaklinga með heilaskaða.

Skilning skortir í samfélaginu

Talið er að um 500 manns hljóti heilaskaða hér á landi árlega. Algengustu orsakir heilaskaða eru umferðarslys og ofbeldisverk. Nú er í bígerð að stofna félag um málefni fólks með heilaskaða.

HEILBRIGÐISMÁL Markmið málþings um heilaskaða sem haldið var fyrir helgina var að auka umræðu og skilning á hlutskipti fólks með heilaskaða og þeirra nánasta umhverfi.

Ólöf Bjarnadóttir, tauga- og endurhæfingarlæknir á Reykjahlundi, segir mikilvægt að skilgreina og greina vanda heilaskaðaðra. „Þessi hópur hefur verið falinn í þjóðfélaginu þar sem vandinn er ekki sýnilegur utan á fólki. Birtingarmynd heilaskaða getur verið mismunandi, sumir eiga erfitt með að skynja umhverfið, aðrir eiga við minnisskerðingu að stríða og enn aðrir missa einbeitinguna.“

Ólöf segir fólki með heilaskaða geta tekið persónuleikabreytingum og það hafi áhrif á alla fjölskylduna. „Skyndilega er komin ný persóna á heimilið og það getur verið erfitt fyrir aðra fjölskyldumeðlimi að horfast í augu við þessar breytingar.“

Ólöf segir heilaskaðaða og fjölskyldur þeirra oft skorta skilning í

samfélaginu og þess vegna hafi verið ákveðið að leggja hornstein að stofnun félags aðstandenda og fagfólks um málefni fólks með heilaskaða.

„Af þeim 500 sem sem hljóta heilaskaða árlega greinast 55 með miðlungs- eða alvarlegan heilaskaða og þarf sá hópur á sérhæfðri endurhæfingu að halda,“ segir Ólöf. Hún segir að nú komi um 30 manns á göngudeild Reykjalundar vegna heilaskaða en þar er einnig starfandi teymi um þennan málaflökk.

Ólöf segir algengustu orsakir heilaskaða hjá fullorðnum umferðarslys og ofbeldisverk, en byltur og föll hjá börnum og gamlmennum. Þá fer þeim fjölgandi sem hljóta heilaskaða af völdum ofbeldis. „Heilaskaðar hjá börnum hafa oft alvarlegar afleiðingar á hæfni þeirra því þau skortir bakgrunn til að bæta upp skaðann.“

Ólöf segir auknar kröfur á vinnumarkaði hafa orðið til þess að færri fórnarlömb heilaskaða geti nú stundað vinnu á almennum markaði.

hugrun@frettabladid.is

Þorvaldur Víðisson miðborgarprestur um vændi:

Vændiskaup eru ofbeldi ekki viðskipti

LÖGREGLUMÁL „Kaup á vændi eru ofbeldi en ekki viðskipti,“ segir séra Þorvaldur Víðisson miðborgarprestur vegna fréttar Fréttablaðsins um að tvær liðlega tvítugar stúlkur frá Póllandi hafi verið hér á einhvers vegum til að stunda vændi.

Þorvaldur segir sjaldan rætt um þá sem eru að sækja svokallaða súlustaði eða kaupa sér vændi.

„Ég hef nokkrar áhyggjur af kynbræðrum mínum,“ segir hann. „Það er áhyggjuefni að það skuli vera til staðar eftirspurn eftir hlutum af þessu tagi. Karlmennt gera sér ef til vill ekki grein fyrir



ÞORVALDUR VÍÐISSON

því hversu mikið síðleysi það er að kaupa sér aðgang að líkama kvenna og stuðla þannig að þessari fornu tegund ofbeldis. Þarna er til staðar mikill valdamunur sem á ekkert skylt við karlmennsku og kynlíf. Þetta er óeðlilegt í alla staði.“

Þorvaldur bendir á að gott innlegg sé að foreldrar, ráðgjafar, kennarar og fleiri fræði unga karlmenn rækilega um hina síðferðilegu hlið kaupa á vændi.

Þessi mál læðist með þögninni um í samfélaginu, hvort sem um sé að ræða þá starfsemi sem fram fer á súlustöðum eða sölu vændis. - jss


Allt til alls!

Á góðu verði fyrir alla – alltaf



Málning, múr- og péttiefni fyrir húsið

Við bjóðum þig velkominn nýja verslun Múrbúðarinnar á nýjum stað að Kletthálsi 7. Þar bjóðum við glæsilegt úrval af hvers kyns byggingavörum, verkfærum og tækjum á góðu verði fyrir alla – alltaf.



MÚRBÚÐIN

Byggingavöruverslunin í Árbænum

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

Akureyri - Húsavík

BREYTTUR OPNUNARTÍMI ÚTIBÚA

Nú eru útibú bankans
opin frá kl. 9.00 - 16.00
alla virka daga.

Opið í Kringluútibúi frá
kl. 10.00 - 18.00 alla virka daga



FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Deiliskipulag sunnan Hringhellu tilbúið um áramót:

Ósátt við mengun

HAFNARFIÖRDUR Svala Heiðberg, íbúi á Völlunum í Hafnarfirði, er afar ósátt við mengunina frá malbikunarstöðinni Hlaðbæ-Colas við Hringhellu og skilur ekki hvers vegna deiliskipulag er ekki afgreitt þannig að fyrirtækið geti hafið byggingaframkvæmdir á nýjum stað.

Bjarki Jóhannesson, sviðsstjóri hjá Hafnarfjarðarbær, segir að verið sé að deiliskipuleggja mörg iðnaðarhverfi í Hafnarfirði en deiliskipulagið fyrir hverfið sunnan við Hringhellu eigi að vera tilbúið um áramót. Framkvæmdir Hlaðbæjar-Colas geti hafist síðla vetrar eða snemma næsta vor. - ghs



SVALA HEIÐBERG Byr í grennd við malbikunarstöðina. Kveðst ekki skilja hvers vegna deiliskipulag hefur ekki verið afgreitt.

Karólínska sjúkrahúsið:

Læknar í sjálfs- morðshug

SVÍPÍÓÐ Þriðjungur lækna er í sjálfsmorðshugleiðingum ef marka má niðurstöður nýrrar rannsóknar sem gerð var á vinnuumhverfi starfsfólks Karólínska háskólasjúkrahússins í Stokkhólmi. Jafnmargir læknar telja sig vera útbrunna í starfi.

Samkvæmt rannsókninni finnst mörgum starfsmönnum þeir hafa verið áreitir eða niðurlægðir og sjöundi hver starfsmaður segist hafa verið lagður í einelti á vinnustað. Ann Fridner, sem stýrir rannsókninni, segir niðurstöðuna hræðilega en ekki koma sér á óvart, þessi þróun sé algeng á Vesturlöndum. - sun

Fangar grípa til eigin refsingar:

Tattúveruðu enni morðingja

BANDARÍKIN, AP Fangar í fangelsi í Indiana í Bandaríkjunum munu hafa sett húðflúr á enni barnsmorðingja nokkurs sem situr í fangelsi með þeim. Að sögn fangelsisyrivalda, stendur nú „hefnd Katiear“ á enni mannsins.

Fanginn var dæmdur í lífstíðarfangelsi fyrir að hafa misnotað kynferðislega og banað tíu ára gamalli telpu, Katie að nafni, í fyrra.

Mynd af húðflúruðu enni mannsins birtist í síðustu viku á bandarískri bloggsíðu, þar sem fjallað er um glæpi gegn konum og börnum.

Tveir fangaverðir hafa verið reknir, grunaðir um að hafa fjölfaldað í óleyfi ljósmyndina sem tekin var í rannsóknarskyni, og sett á vefsíðuna. - smk



VÍSINDAMENN VIÐ STÖRF Unnið er með smæstu stærðirnar í rykfriú hreinherbergi. Full loftskipti eru á þrjátíu sekúndna fresti og er lýsingin gul svo betur megi vernda ljósnæm efni sem þar eru notuð.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Rykkornin eru risavaxin

Örtækni hefur verið opnaður í Háskóla Íslands. Örtækni nýtist flestum raunvísindagreinum og eru væntingarnar sem bundnar eru við nýja tækjakostinn risavaxnar.

MENNTAMÁL Örtækni hefur verið tekinn í notkun í Háskóla Íslands. Sambærilega aðstöðu og þá sem nú hefur verið opnuð má finna í flestum stærri háskólum veraldar. Hún gefur vísindamönnum möguleika á að framleiða hluti á örsmæðarmælikvarða úr ýmsum efnum. Hægt er að prenta í þessi efni munstur sem nema um einum hundraðasta úr hársbreidd og þykkt þeirra getur verið allt niður í einstök atómlög sem nema einum nanómetra, sem er einn milljarðasti úr metra. Því er um að ræða stærðir sem eru minni en rykkorn.

Örtækni eða nanótækni, eins og hún er einnig oft nefnd hefur haft gríðarleg áhrif á tækniþróun undanfarinna áratuga, í tölvutækni, samskiptatækni, efnis-tækni, líftækni, læknisfræði og á fleiri sviðum. Margir vísindamenn um heiminn hafa líkt þróun örtækinnar við tilkomu iðnbýlt-

ingarinnar á átjándu öld. Tækni-framfarir framtíðarinnar eigi að miklum hluta eftir að byggjast á þróun hennar.

Umfangsmikil tækjauppbygging hefur verið í örtækni á Íslandi frá árinu 2004. Tækjakostinum hefur verið deilt á tvo örtækni-kjarna og er annar þeirra staðsettur í Háskóla Íslands en hinn á Iðntækni stofnun. Kostnaður við tækjabúnaðinn fyrir árin 2004-2007 er talinn nema um 150 milljónum króna.

Við opunnarræðu Kristínar Ingólfsdóttur háskóla- og vísindisráðgjafar hún til þess að heiti þessarar tækni væri dregið af gríska orðinu nanó sem þýðir dvergur. Hún ítrekaði þó að þær væntingar sem bundnar væru við tilkomu örtækni-kjarna væru ekki í dvergstærðum heldur risavaxnar. Kjarnarnir feli í sér mikilvæg tækifæri fyrir íslenskt rannsóknarsamfélag.

karen@frettabladid.is

Taprekstur Menntaskólans á Ísafirði á síðasta ári:

Nam 12 milljónum

MENNTAMÁL Taprekstur menntaskólans á Ísafirði nam rúmum 12 milljónum króna á síðasta ári samkvæmt rekstrareikningi skólans.

Þessi halli er 5,7 prósent umfram fjárheimildir að sögn Ingibjargar S. Guðmundsdóttur skólameistarar í viðali við Bæjarins besta. Við upphaf síðasta skólaárs voru 322 nemendur innritaðir í dagskóla og sagði þáverandi skólameistari, Ólína Þorvarðardóttir, að þeir hefðu verið 42 fleiri en viðmið menntamálaráðuneytisins í fjárveitingum gerðu ráð fyrir.

- hs



Ekki missa
af vinningi!

Dreginn út
5. október

Hummer H3
+ 5 milljónir í skottinu
ef þú átt tvöfaldan miða!

65 skattfrjálsar
milljónir í október

Hringdu núna
561 7757
Kíktu á netið
www.das.is

Kauptu miða í Happraetti DAS.
Einfaldur miði kostar aðeins 1.000 kr.
á mánuði eða 230 kr. fyrir hvern útdrátt.
Búum öldruðum áhyggjulaust ævikvöld.

HAPPRÆTTI
das
-vinnugur í hverri viku

allt að verða vitlaust í nettó

frábær stemmning



Easy taumýkir 2L, Jasmin bleikur og Kiwi & aloe vera



50%

afsláttur við kassa

Verð nú 99 kr/stk
Verð áður 199 kr/stk



Easy upphvottalögur 500 ml. 25% +, sítrónu, aloe vera og grænn

50%

afsláttur við kassa

Verð nú 65 kr/stk
Verð áður 129 kr/stk



pú sparar
50 kr/stk

50%

afsláttur við kassa

Verð nú 49 kr/stk
Verð áður 99 kr/stk

Easy upphvottalögur 500 ml. 25%+, lavender og rosemary



pú sparar
300 kr/stk

50%

afsláttur við kassa

Verð nú 299 kr/stk
Verð áður 599 kr/stk

Easy þvottaduft, Aloe vera og 3 in 1, 3, 15 kg



pú sparar
100 kr/stk

50%

afsláttur við kassa

Verð nú 99 kr/stk
Verð áður 199 kr/stk

Easy taumýkir 2L, Mango og gingseng



pú sparar
115 kr/stk

50%

afsláttur við kassa

Verð nú 115 kr/stk
Verð áður 229 kr/stk

Easy oxi blettahreinsir, duft 500 gr.



pú sparar
100 kr/stk

50%

afsláttur við kassa

Verð nú 99 kr/stk
Verð áður 199 kr/stk

Easy þvottaduft Oxi complete



pú sparar
95 kr/stk

50%

afsláttur við kassa

Verð nú 95 kr/stk
Verð áður 189 kr/stk

Easy floor wipes og bathroom & toilet wipes

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 30. september til 1. október eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto



Ford
Nýtt tákni um gæði

Ford Explorer Sport Trac XLT Sport 4x4
4 dyra 4.0i V6 sjálfskiptur*
Uppskerutilboð 3.490.000 kr.
Bílasamningur 41.900 kr.
Rekstrarleiga 64.100 kr.

Uppskeruhátið
Góð tíð 3.490.000 kr.
Komdu á Uppskeruhátið Brimborgar í dag. Ofurtilboð.

Veldu Ford. Við staðgreiðum gamla bílinn þinn
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu uppskerutilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford á uppskeruverði.

Aflaðu þér
frekari upplýsinga
www.ford.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bílasamningur er lán með 20% úborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustuefritil samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



Dagur Jónasson

Arctic Trucks jeppamiðstöð

Arctic Trucks jeppamiðstöð er þjónustufyrirtæki og vinnur að lausnum fyrir fólk sem hefur áhuga á jeppum og ferðalögum. Hér er flest það sem jeppaeigandinn þarf á að halda: Dekkja- og smurþjónusta, ástandsskoðun, jeppabreytingar, jeppasala, fagleg þjónusta og ráðgjöf.



Eyjólfur M. Teitsson

**Bílaleigubílar – mikið úrval.
Allir bílarnir eru ástandsskoðaðir!**



Toyota Land Cruiser LX – 3,0 dísel sjálfskiptur. 02/2005
ek. 79 þ. km. Verð 3.990.000

Tækifæri, nokkrir
Toyota Land Cruiser LX
sjálfskiptir á góðu verði.



MMC Montero Limited – 3,8 bensín sjálfskiptur. 04/2004
ek. 58 þ. km. 8 manna. Verð 3.200.000

ÚTSÖLUVERÐ á nokkrum
MMC Montero Limited.

Mikið af góðum jeppum á sölu.
Líttu inn hjá okkur á bílasölu svæðinu Kletthálsi.

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is



FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Losun koltvísýrings í sjö stórborgum Norðurlanda: Mengun næstmest í Reykjavík

UMHVERFISMÁL Losun koltvísýrings (CO₂) vegna samgangna á hvern íbúa er næstmest í Reykjavík samkvæmt mælingum í sjö stórborgum á Norðurlöndunum. Losun koltvísýrings er aðeins meiri í Málmei í Svíþjóð.

Þetta kom fram á stórborgarráðstefnu Norðurlandanna um umhverfisvísa sem haldin var í Kaupmannahöfn í liðinni viku.

Hjalti J. Guðmundsson framkvæmdastjóri hjá Umhverfissviði Reykjavíkurborgar segir úrlausnarverkefni Reykjavíkur liggja í



UMHVERFISVÆNNI SAMGÖNGUR
Felast m.a. í hjólreiðum og bættum almenningssamgöngum.

umhverfisvænni ferðavenjum borgarbúa, til dæmis almenningsamgöngum og hjólastígakerfi. - hs



FRÁ APAFLÓA Móðir með barn sitt fyrir utan sjúkrahúsið á svæðinu. ÞSSÍ hefur styrkt uppbyggingu heilbrigðismála á svæðinu og íslenskir nemandar hafa tekið þátt í verkefninu.

MYND/SKARPHÉÐINN ÞÓRSSON

Mannslífum bjargað

Ungbarnadaði í Malaví fer minnkandi og má að hluta til þakka það uppbyggingu heilsugæslu í Apaflóa sem Þróunarsamvinnustofnun styrkir.

HEILBRIGÐISMÁL Nýlega fór fram ráðstefna um heilbrigðismál í fátækum löndum. Þar fluttu erindi erlendir fræðimenn sem hingað komu á vegum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ).

ÞSSÍ hefur undanfarin sex ár starfrækt verkefni í Apaflóa í Malavíu sem miðar að því að bæta heilsugæslu á svæðinu með áherslu á mæður og ungbörn. Þátttakendur í uppbyggingunni hafa verið íslenskir lækna-, hjúkrunar-, og ljósmæðranemar sem kynntu verkefni sín á ráðstefnunni.

Geir Gunnlaugsson, læknir og forstöðumaður Miðstöðvar heilsværndar barna, segir að með aðstoð ÞSSÍ hafi heilsugæslustarf í Apaflóa verið eft. „Þar hefur verið byggt sjúkrahús og bílar og talstöðvar útvegaðar sem gerir það að verkum að fljótlegra er að koma fæðandi konum á sjúkrahús. Þá hefur verið ráðist í að mennta sjálfbæðandi sem nýtast við heilsugæsluna.“

Geir segir ástæðu mikils ungbarnadaða í Malaví vera fátækt og veikindi á borð við malaríu og blóðeitrun. „Þá hefur verið um langan veg að fara með veikt fólk og fæðandi konur. Uppbyggingin í Apaflóa hefur einnig tekið til ung-

Styrkir á borð við þá sem ÞSSÍ hefur útvegað til verkefnisins eru afar mikilvægir og hafa átt sinn þátt í því að hlutfall ungbarnadaða í Malaví hefur lækkað.

WESELEG SANGALA
RÁÐUNEYTTISSTJÓRI Í HEILBRIGÐISRÁÐU-
NEYTI MALAVÍ

barnaeftirlits og eru ungbörn á svæðinu nú vigtuð og bóluset.“

Geir telur að Íslendingar eigi að leggja áherslu á aðstoð í heilbrigðis- og skólalögum í fátækum löndum því þetta séu þættir sem fátæk ríki eigi erfitt með að kosta án utanaðkomandi aðstoðar.

Weseleg Sangala, ráðuneyttis- stjóri heilbrigðismála í Malaví, er einn þeirra sem heldur erindi á ráðstefnunni. Hann segir athyglisvert að sjá þær framfarir sem orðið hafi á svæðinu með aðstoð íslensks fjármagns og nema á svæðinu. „Styrkir á borð við þá sem ÞSSÍ hefur útvegað til verkefnisins eru afar mikilvægir og hafa átt sinn þátt í því að hlutfall ungbarnadaða í Malaví hefur lækkað.“

Árið 2000 dóu 104 af hverjum 1000 ungbörnum í landinu en nú er hlutfallið komið niður í 76 af hverjum 1000. Hins vegar hefur orðið lítil breyting á dauða mæðra af barnsförum en nú látast 984 konur af hverjum 100.000 af barnsförum.“

Sangala segir uppbyggingu heilbrigðiskerfisins í Apaflóa afar mikilvæga og er þakklátur ÞSSÍ fyrir þátttökuna í verkefninu.

hugrun@frettabladid.is



GEIR
GUNNLAUGSSON

W. SANGALA

Danskir íhaldsmenn:

Vilja lækka tekjuskattinn

DANMÖRK Danskir íhaldsmenn vilja lækka tekjuskattinn þannig að enginn greiði meira en helming launa sinna til ríkissjóðs. Þetta kom fram í viðtali við formann flokksins, Bendt Bendtsen, í dagblaðinu Politiken í gær.

Bendtsen segir að Danir muni hljóta heimsmeistaratilinn í skattheimtu ef fyrirhugaðar breytingar á skattakerfinu í Svíþjóð ganga eftir.

Íhaldsmenn sem eiga sæti í ríkisstjórn binda vonir við að breytingarnar gangi í gegn áður en kosið verður til þings eftir tæp þrjú ár. - ks

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins:

Sækist eftir fjórða sæti

STJÓRNMÁL Borgar Þór Einarsson, formaður Sambands ungra



BORGAR ÞÓR EINARSSON

sjálfstæðismanna, gefur kost á sér í 4. sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi. Borgar Þór er lögfræðingur að mennt og starfar sem sérfræðingur á

lögfræðisviði Landsbanka Íslands.

Hann hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn, meðal annars sem aðstoðarmaður menntamálaráðherra 2003-2004. Hann á einnig sæti í mið- og framkvæmdastjórn flokksins. - sps

Prófkjör Samfylkingarinnar:

Gefur kost á sér í 2. til 3. sæti

STJÓRNMÁL Bryndís Friðgeirsdóttir, svæðisfulltrúi Rauða krossins



BRYNDÍS FRIÐGEIRSDÓTTIR

á Vestfjörðum, sækist eftir 2.-3. sæti á framboðslista Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi. Bryndís hefur verið bæjarfulltrúi síðastliðin fimmtán ár, fyrst fyrir Ísafjarðarkaupstað og síðar Ísafjarðarbæ eftir sameiningu sveitarfélaga á svæðinu. Hún hefur tvisvar tekið sæti sem varamaður á Alþingi.

Bryndís er kennari að mennt og starfaði sem grunnskólakennari á Ísafirði í fimmtán ár. Hún hefur gegnt stöðu svæðisfulltrúa Rauða krossins á Vestfjörðum síðastliðin níu ár. - sps

Prófkjör Sjálfstæðisflokks:

Sækist eftir öðru sæti

STJÓRNMÁL Kjartan Ólafsson alþingismaður



KJARTAN ÓLAFSSON

sækist eftir 2. sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Suðurlandskjördæmi. Kjartan, sem lauk prófi frá Garðyrkjuskóla ríkisins og stundaði

framhaldsnám við garðyrkjuskóla í Danmörku, hefur verið formaður Sambands garðyrkjubænda um árabil og setið á Búnaðarþingi frá árinu 1995.

Kjartan er einnig formaður stóriðjunefndar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga. Hann tók fyrst sæti á Alþingi árið 2000 og hefur setið óslitið á þingi frá árinu 2003. - sps

Óperuhús í Berlín hættir við sýningar af öryggisástæðum:

Uppnám vegna Mozartóperu

BERLÍN, AP Ákvörðun Þýsku óperunnar í Berlín um að hætta af öryggisástæðum við fjórar sýningar á óperu eftir Mozart hefur vakið harðar deilur þar í landi. Í einu atriði óperunnar Idomeneo átti að sýna afhögna hausa þriggja helstu trúarhöfunda mannkyns, þeirra Jesú, Búdda og Múhameds, ásamt höfði sjávarguðsins Poseidons.

Deilurnar þykja minna á uppþotið sem varð vegna birtinga skopmynda af Múhamed spámanni í danska dagblaðinu Jótlandspóstinum.

Wolfgang Schäuble, innanríkisráðherra Þýskalands, hefur sagt að ákvörðun óperunnar sé „brjálud“,

en á miðvikudag settist hann ásamt fleiri þýskum ráðamönnum á fund með leiðtogum múslima í Þýskalandi til þess að ræða stöðu múslima þar í landi. Fundurinn markar upphaf að tveggja ára viðræðum, þar sem meðal annars verður rætt hvort taka eigi upp kennslu í íslamfræðum við þýska barnaskóla, sambærilega við fræðslu í kristinni trú og gyðingdómi.

„Íslam er mikilvægur partur af Þýskalandi og Evrópu, og verður þess vegna að fallast á síði og gildi sem Evrópa er byggð á,“ sagði Schäuble í nýlegu blaðaviðtali. „Við erum ekki að hefja viðræður þar sem við skiptumst eingöngu á kurteisisorðum.“



UPPHAF TVEGGJA ÁRA VIÐRÆÐNA Wolfgang Schäuble innanríkisráðherra ásamt Badr Mohammed, leiðtoga arabískra sósíaldemókrata í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Yfirkjörstjórn Rússlands:

Þjóðaratkvæðagreiðslu hafnað

MOSKVA, AP Yfirkjörstjórn Rússlands hafnaði í liðinni viku beiðni um þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrárbreytingar. Breytingarnar hefðu gert Vladimir Pútín kleift að bjóða sig fram til að sitja þriðja kjörtímabilið í embætti.

Enn er þó ekki útilokað að þrýst verði á um stjórnarskrárbreytingu þessa eðlis, því úrskurður kjörstjórnar tók ekki afstöðu til breytingarinnar sem slíkrar, heldur hafnaði hún tæknilegu atriði um að ekki skyldi kosið beint um gildandi lög. Möguleikinn á að þjóðaratkvæðagreiðslan fari fram er því enn fyrir hendi. - kóp




Gutenberg flytur

Gutenberg hefur flutt starfsemi sína að **Suðurlandsbraut 24, 1. hæð**. Við bjóðum viðskiptavinum okkar velkomna á nýjan stað

Nýr staður, sama fólk

Gutenberg er þjónustufyrirtæki í prentiðnaði. Við byggjum á traustum grunni sem hefur þróast á undanförunum 100 árum. Við erum sérfræðingar í stórum og smáum prentlausnum fyrir fyrirtæki og einstaklinga.

Gutenberg leggur áherslu á persónulega þjónustu og að leita hagkvæmstu leiða í hverju tilfelli fyrir sig. Við höfum skilning á þörfum viðskiptavinarins og uppfyllum kröfur hans.



Gutenberg • Suðurlandsbraut 24 • 108 Reykjavík • Sími 545 4400 • Fax 545 4401 • www.gutenberg.is

8 sinnum fyrir sama

Hive Lite 3.990 kr. á mánuði

Með Hive Lite færðu 8Mb nettengingu og 4 GB af erlendu niðurhali fyrir aðeins 3.990 krónur á mánuði. Fyrir sama pening færðu 1Mb tengingu hjá Símanum eða Og Vodafone. Það er óneitanlega ekkert gaman að borga sama verð fyrir átta sinnum hægari tengingu. Enda er það algjör óþarfi – sérstaklega þegar það er ekkert mál að skipta. **Hringdu í 414-1616 og fáðu meira fyrir peninginn.**

Hive.is Grensásvegj 16, Reykjavík. Þjónustusími: 414 1616 hive@hive.is

meiri hraði pening

JÓNSSON & LEMACKS • Jóns Ljósinn, Svinnil Spálight



Hive



„ORÐRÉTT“

Gengur ekki

„Stóriðja er ekki alveg að ganga fyrir konur.“

Vífill Karlsson, dósent við Háskólann á Bifröst, segir að hlúa þurfi sérstaklega að stöðu kvenna á Austurlandi. Fréttablaðið, 1. október.

Stórkanónurnar

„Ég varð var við að stórkanónur í pólitíkinni skiptu sér af þessu.“

Smári Geirsson, forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, segir áhrifamikla stjórnámálemenn hafa haft áhrif á kosningu formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fréttablaðið, 1. október.

nær og fjær
tilveran

SJÓNARHÓLL

AUKIÐ ÍSLENSKT SJÓNVARPSEFNI Á RÚV

Ekki ríkisins að handvelja

„Mér finnst þetta mjög jákvætt,“ segir Elva Ósk Ásgeirsdóttir nýkjörinn formaður Heimdallar, um nýjan samning



ELVA ÓSK ÁSGEIRSDÓTTIR FORMAÐUR HEIMDALLAR

menntamálaráðuneytisins og RÚV. Samkvæmt honum er Ríkisútvarpinu skilt að auka íslenskt efni á kjörtíma (kl 19.00 - 23.00) úr 44 prósentum í 65 prósent á næstu fimm

árum. „Fyrst kerfið er eins og það er, myndist mér samt eðlilegra að einkaaðilar ættu líka kost á að sækja í sjóði í staðinn fyrir að ríkisvaldið sé að handvelja svona ofan í neytendur. Persónulega vildi ég sjá meira af innlendu fræðsluefni, en allra helst vildi ég sjá að það væri ekki ríkið sem sinni þessu. Mér skilst líka að einkaaðilar hafi framleitt meira af íslensku efni en RÚV, sem er jákvætt og sýnir að markaðurinn ræður alveg við þetta.“

Borat þarf að fá sér lífvörð

Kasakstan. Við kunnum varla að skrifa nafnið, hvað þá að við getum bent á það á landakortinu. Nú er landið í brennidepli því grínfigúran Borat, sem Sacha Baron Cohen leikur, segist vera þaðan. Borat dregur upp mjög útnálega mynd af landi og þjóð sem stjórnvöld í Kasakstan reyna nú hvað þau geta til að leiðrétta. En hvað segja Kasakar á Íslandi?

„Mér finnst Borat mjög fyndinn og er búin að sjá allt sem hann hefur gert,“ segir Asilya Akhmitzhenova, ein af fimm Kasökum á Íslandi. Hún hefur verið hér í fjögur ár og lærir nú ensku í Háskóla Íslands auk þess að vinna í móttöku á hóteli. „Hann er þó ekkert líkur alvöru Kasaka og væri líklega enn fyndnari ef hann væri það. Ég held ekki að Kasakstan hafi orðið fyrir valinu af því Sacha var búinn að rannsaka málið. Kasakstan er bara fyndið nafn á landi sem enginn veit neitt um. Auðvitað er þetta allt bull sem Borat segir um landið. Við höfum ekkert á móti gyðingum, þjóðar-

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? HELGA VALA HELGADÓTTIR LAGANEMI

Get talað mikið um pólitík

„Það er allt glimrandi að fréttu. Nú er maður bara að hnyta á sig hlaupaskóna fyrir prófkjörslanghlaupið sem framundan er,“ segir Helga Vala Helgadóttir sem nýlega bauð sig fram í 2-3 sætið á lista Samfylkingarinnar í Norðvestur kjördæmi. „Það liggur á að fella sitjandi ríkisstjórn og ég ætla að vera hluti af því sigurliði. Mikið rosalega verður það gaman.“

Helga Vala er eiginkona Gríms Atlasonar, sem tók við starfi bæjarstjórnar í Bolungarvík í ágúst. „Lífið í Bolungarvík er unaðslegt,“ segir Helga Vala. „Það eru alger forréttindi að fá að búa á þessu horni landsins. Maður

eyðir ekki ógrynni tíma í að hendast á milli staða í stressinu heldur fer fótgangandi þessar stuttu vegalengdir. Það eru einfaldlega fleiri stundir í sól-arhringnum hérna, sem e r

kærkomin sending fyrir mig. Það var tekið mjög vel á móti okkur. Ég hélt að maður yrði svolítið einn á báti hérna, en það er öðru nær. Ég er alltaf í matarboðum, heimsóknum eða að fá til mín, og hef miklu meiri samskipti við fólk þrátt fyrir fólksfæðina. Svo get ég talað ógeðslega mikið um pólitík og þarf ekkert að spá í það hvar ég er að vinna.“



UNDUR:

SJÖ NÝ UNDIR

Nú stendur yfir netkosning á sjö nýjum undrum veraldar (www.new7wonders.com). Úrslit verða gerð kunn á þeim skemmtilega degi 07.07.07. Þetta verður án efa stærsta netkosning sögunnar og milljónir hafa þegar tekið þátt. Bóðið er upp á 21 undur til að velja úr, m.a. Eiffeltorninn, óperuhúsið í Sydney, Stonehenge, Kínamúrinn, Frelsstyttuna, pýramíðana í Egyptlandi, Taj Mahal og stytturnar á Páskaejju. Hvar er Hallgrímskirkjurn?



íþróttin er ekki að drepa hunda og samræðisaldurinn er ekki átta ár! En mér finnst þetta nú bara allt saman mjög fyndið og vinir mínir, sem margir eru Kasakar í útlöndum, finnst það flestum líka. Við ræðum Borat mikið í tölvupósti.“

Asilya segir að almenningur í Kasakstan þekki ekki til Borats. „En ég held að það eigi eftir að breytast þegar kvikmyndin kemur. Það er fullt af völdugu og hættulegu fólki í Kasakstan sem verður eflaust mjög reitt þegar það sér myndina. Ef ég væri Sacha hefði ég áhyggjur og myndi fá mér lífvörð.“

Asilya er mjög spennt og hlakkar til að sjá kvikmyndina. Stjórn Kasakstan er ekki eins spennt og gerir nú allt til að fegra ímynd þjóðarinnar, m.a. með auglýsingaherferð í bandarískum blöðum og sjónvarpi. Asilya segir að viðbrögð stjórnarinnar séu vatn á myllu grínistans. „Hann fær ótrúlega fjölmiðlaathygli út á þetta og verður alltaf pólitískari og dónalegri eftir því sem hann þarf að svara oftast fyrir sig. Það er mjög skemmtilegt að fylgjast með þessu.“

Kvikmyndin Borat: Cultural Learnings of America for Make Benefit Glorious Nation of Kazakhstan verður heimsfrumsýnd á Íslandi 3. nóvember.

gunnarh@frettabladid.is



ASILYA AKHMITZHENOVA FRÁ KASAKSTAN Finnst Borat frábær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Trigger®

KULDASTÍGVÉL
Stærðir 21-38

F Y R I R Í S L E N S K T V E Þ U R F A R



ÚTSÖLUADILAR: Steinar Waage, Kringlan, Smáralind - ljáskinn ehf., Háaleitisbraut 58-60 Xena, Mjódd, Glæsibaer, Spöng - Valmiki, Kringlan - HH skór, Keflavík - Verslunin Sirry, Grindavík Skóstar Axel O, Selfoss, Vestmannaeyjar - Tangó, Höfn Hornafj. - Klörubúð, Djúpvogur Veidifluga, Reyðarfjörður - KHB Samkaup, Egilsstaðir - Beint í mark, Vopnafjörður - Skóbúð Húsavíkur Skóhúsið, Akureyri - Siglóspott, Siglóspott - Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðárkrúkur - Skóhornið, Ísafjörður Dalakjör, Búðardalur - Heimahornið, Stykkishólmur - Verslunin Hamrar, Grundarfjörður Blómsturvellir, Hellissandur - Xena Borgarnes - Ozone, Akranes.

Dreifingaraðili: www.leiko.is

Hver er Borat?

■ Borat er fastur gestur í þætti Ali G, sem Sacha Baron Cohen leikur líka. Fyrsti þátturinn af Da Ali G Show fór í loftið árið 2000.

■ Borat hefur kannað lífshætti í Bretlandi og Bandaríkjunum. Húmorinn byggist á að sýna viðbrögð fólks við þessum skrittina Kasaka, sem það veit ekki að er leikpersóna.

■ Sagt er að Borat sé byggður á Tyrkjanum Mahir sem sló í gegn á netinu 1999 („Who is want to come TURKEY I can invite... She can stay my home...“) Þótt margt sé líkt með þeim hefur persóna Borats verið í þróun síðan 1995. Sjálfur segir Sacha að hann byggji Borat á rússneskum lækni sem hann hitti eitt sinn.

■ Borat skilur ekkert í því að bandarískar konur hafi kosningarétt en ekki hestar. Borat hatar fátt meira en gyðinga, nema ef vera skyldi sígauna. Sacha er gyðingur.

■ Jakkafötin sem Borat klæðist hafa aldrei verið þvegin. Það er gert til að ná fram „framandi“ lykt.

■ Sem dæmi um framfarirnar í Kasakstan segir Borat að hommar þurfi ekki lengur að ganga með bláa hatta og að þar séu hreinustu gleðikonurnar í allri Mið-Asíu.

■ Draumakona Borats þarf að hafa einhverja reynslu af því að vinna á plógi. Hann gerir þó undantekningu fyrir Pamelu Anderson.

■ Þegar Borat var kynnrir á evrópsku MTV-verðlaunaafhendingu-



BORAT MEÐ ÖNEFNDRI VINKONU „Please make hand relief.“

unni árið 2005 virðast stjórnvöld í Kasakstan fyrst hafa fengið veður af honum. Þau mótmæltu hástöfum. Borat svaraði á heimasíðu sinni að hann hefði engin tengsl við þennan Sacha júða.

■ Heimasíða Borats á borat.kz var tekin niður svo „hann gæti ekki talað illa um Kasakstan á .kz léni,“ eins og talsmaður landsímans í Kasakstan lét hafa eftir sér. Dóttir Nazarbayev forseta hefur síðan komið Borat til varnar og vill að heimasíðan verði opnuð aftur. „Við eigum ekki að vera hrædd við húmor og ekki að reyna að stjórna öllu,“ segir hún.



NURSULTAN NAZARBAYEV Finnst Borat ekkert fyndinn.

Hvað er Kasakstan?

■ Íbúar eru 15,3 milljónir.
■ Höfuðborgin heitir Astana en Almaty er stærsta borgin.
■ Landið er nýunda stærsta land í heimi, 2.725.000 ferkílómetrar.

■ Á landamæri að Rússlandi, Kína, Kirgisistan, Úsbekistan og Türkmenistan.

■ Fékk sjálfstæði frá Sovétríkjunum 1991.

■ Forsetinn heitir Nursultan Nazarbayev.

■ Gjaldmiðillinn heitir tenge.

■ Til að fyrirbyggja skaða af Borat-myndinni stendur Kasakstanstjórn nú í mikilli auglýsingaherferð í Bandaríkjunum. Í fjögurra síðna auglýsingu í New York Times kemur m.a. fram að þjóðin hyggist styrkja samband sitt við Bandaríkin og að í landinu séu 40 trúarbrögð stunduð sem sýni vel umburðarlyndi landsmanna.

Nýtt frá Símanum fyrir fjölskyldurnar í landinu



Betri leið í GSM hjá Símanum. Veldu þá leið sem hentar þér best.

Góður
GSM **35**
35 mín / 20 sms
990 kr. á mánu.

Betri
GSM **100**
100 mín / 60 sms
1.990 kr. á mánu.

Bestur
GSM **160**
160 mín / 90 sms
2.990 kr. á mánu.

Langbestur
GSM **280**
280 mín / 180 sms
4.990 kr. á mánu.

Veldu Betri leið í GSM hjá Símanum og þú borgar 0 kr. fyrir öll símtöl innan fjölskyldunnar. Öll símnokun fer á einn reikning og fjölskyldan getur verið af ýmsum stærðum og gerðum, frá þremur einstaklingum upp í sex. Þjónustan er fyrir áskrifendur að Betri leið í GSM en í hverri fjölskyldu geta þar að auki verið tveir með Frelsi og einn í fyrirtækjaáskrift. Treystum fjölskylduböndin! Kynntu þér málið www.siminn.is.


Þjónustan verður virk 1. nóvember og eftir það verða allir dagar fjölskyldudagar!

Flóttinn af landsbyggðinni


SIGRÍÐUR DÖGG AUÐUNSDÓTTIR
sda@frettabladid.is



MANNFJÖLDAPRÓUN Á SUÐURNESJUM 1988-2005



KAUPVERÐ ÍBÚÐARHÚSNÆÐIS OG FJÖLDI KAUPSAMNINGA ÁRÍÐ 2005



Langmest fjölgun á Suðurnesjum í fyrra

Íbúum á Suðurnesjum snarfjölgandi í fyrra þegar aðfluttir voru 650 fleiri en brottfluttir. Það er meira en á öllum síðasta áratug samanlagt. Sigríður Dögg Auðunsdóttir skoðaði þróunina í landshlutanum.

Aðfluttir umfram brottflutta á Suðurnesjum voru fleiri á síðasta ári en á öllum síðasta áratug samanlagt. Á árinu 2005 fluttu 650 fleiri til landshlutans en frá honum og hefur hlutfallið aldrei verið hærra á síðustu tíu árum. Á árunum þar á undan, 1996 til 2004, fluttu 26 fleiri íbúar í burtu en fluttu til Suðurnesja.

Íbúafjölgun í landshlutanum tók því verulegan kipp á síðasta ári sem kom í veg fyrir að raunfækkun hefði átt sér stað og stuðlaði að því að fjölgun í landshlutanum frá því fyrir tíu árum hefur haldist í hendur við landsmeðaltali.

Íbúum á Suðurnesjum hefur fjölgað hlutfallslega meira en íbúum á öllu landinu á síðasta aldarfjórðungi, eða um ríflega þriðjung. Íslendingum hefur fjölgað

um tæplega þriðjung á sama tíma. Mest er fjölgunin í Sveitarfélaginu Vogum, þar sem íbúar eru 80 prósentum fleiri nú en fyrir aldarfjórðungi. Annars staðar er fjölgunin á bilinu 29 til 51 prósent, minnst í Reykjanesbæ.

Tekjur undir landsmeðaltali
Meðaltekjur íbúa á Suðurnesjum á síðasta ári voru með því lægsta sem þekkist á landinu, 281 þúsund á mánuði, eða 14 prósentum undir landsmeðaltali. Meðaltekjur voru aðeins lægri í þremur öðrum landshlutum.

Meðaltekjur eru undir landsmeðaltali í öllum sveitarfélögum á Suðurnesjum sem nemur fimmtungi til fjórðungi. Hæstar eru þær í Grindavíkurbæ eða 290 þúsund og lægstar í Sandgerði, þar sem þær eru um 247 þúsund á mánuði. Meðalmánaðartekjur á öllu landinu eru um 327 þúsund.

Meðalaldur íbúa á Suðurnesjum er nokkuð undir landsmeðaltali og jafnframt lægstur í Grindavík, þar sem hann er rétt undir 31 ári.

Útlendingar ekki fleiri
Hlutfall útlendinga í landshlutanum er hið sama og á landsvísi eða um fimm prósent. Í tveimur sveit-

Aðeins eitt á úreldingarlista

Grindavík er eina sveitarfélagið á Suðurnesjum sem líða mun undir lok fyrr en síðar ef tekið er mið af kenningum tveggja bandarískra landfræðinga um dauðvona sveitarfélög. Hin fjögur virðast eiga sér framtíð.*

Viðmiðunarmörk:	1	2	3	4	5	6
Sveitarfélag:	Íbúar eru helmingi færri nú en fyrir aldarfjórðungi	Íbúum hefur fækkað um tíu prósent eða meira á síðasta áratug	Þéttleiki byggðar er innan við tvo íbúa á km ²	Meðalaldur er 38 ár eða hærri	Meðalmánaðartekjur eru 10% undir landsmeðaltali	Fjöldi kaupsamninga vegna íbúsn. 2005 er undir landsmeðaltali**
Reykjanesbær	nei +29%	nei +10%	nei 78,4	nei 34,2	já -12%	nei 76,4
Grindavíkurbær	nei +36%	nei +21%	nei 6,1	nei 30,8	já -11%	já 41,5
Sandgerðisbær	nei +37%	nei +19%	nei 23,8	nei 32,0	já -24%	nei 61,9
Sveitarfélagið Garður	nei +51%	nei +19%	nei 66,1	nei 32,9	já -16%	nei 53,1
Sveitarfélagið Vogar	nei +80%	nei +49%	nei 6,2	nei 32,0	já -23%	nei 76,6

**Fjöldi kaupsamninga á hverja 1.000 íbúa

Viðmiðunarmörkin sex má sjá í töflunni og hafa verið heimfærð upp á íslenskar aðstæður.

*Kenningar hjónanna Deborah og Franks Popper voru settar fram í lok níunda áratugarins og miðuðust að því að meta framtíðarhorfur tiltekinn sveitarfélaga á sléttunum miklu í miðjum Bandaríkjunum. Þær fólust í því að setja fram sex viðmiðunarmörk sem gæfu vísbendingu um að sveitarfélag væri dauðvona. Ef sveitarfélagið uppfyllti tvö eða fleiri skilyrði gat það talist á góðri leið með að fara í eyði.

arfélögum er hlutfallið þó helmingi hærra, í Sandgerði og Sveitarfélaginu Garði, þar sem um tundi hver íbúi er útlenskur.

Atvinnuleysi er rétt yfir meðaltali í einu sveitarfélagi, Reykjanesbæ, þar sem það mældist 2,5 prósent á síðasta ári miðað við 2,1 prósent á landsvísi. Annars staðar í landshlutanum mældist atvinnuleysi undir meðaltali.

Íbúðaverð langt undir meðalverði
Meðalfermetravæði íbúðarhúsnæðis á Suðurnesjum er langt undir meðaltali á landinu. Meðalverð í landshlutanum öllum er um

114 þúsund krónur á fermetrann ef miðað er við kaupverð íbúðarhúsnæðis árið 2005 þar sem fjöldi kaupsamninga er þriðjungur eða fleiri. Hafa þarf þó þann fyrirvara á að tölurnar eru einfalt meðaltal kaupverðs. Eignir eru mismunandi eftir svæðum og skekkir það verðsamanburð milli þeirra.

Verðið er lægst í Sveitarfélaginu Garði, eða um 93 þúsund krónur á hvern fermetra, en hæst í Vogunum, um 136 þúsund krónur fermetrinn. 150 fermetra íbúðarhúsnæði kostar samkvæmt þessu tæpar 14 milljónir í Sveitarfélaginu Garði en rúmar tuttugu milljónir í Vogunum. Til samanburðar má nefna að jafnstór íbúð á höfuðborgarsvæðinu kostar um 29 milljónir að meðaltali. Íbúur í Sveitarfélaginu Garði sem selur 150

fermetra íbúðarhúsnæði sitt og flytur á höfuðborgarsvæðið getur því keypt helmingi minni íbúð fyrir andvirðið.


Ágæt hreyfing á fasteignum

Þá má skoða fjölda kaupsamninga á síðasta ári á hverja þúsund íbúa, en hæfileg hreyfing á eignum er gott merki um heilbrigðan fasteignamarkað. Meðaltalið fyrir landið allt var rétt undir 45 samningum á hverja þúsund íbúa. Í öllum sveitarfélögum, nema Grindavík, var hreyfingin yfir meðlaggi, mest í Vogunum og Reykjanesbæ.


Þetta er þriðja greinin af átta í greinaflokki Fréttablaðsins um byggðapróun. A morgan verður fjallað um Vestfirði.

MEÐALMÁNAÐARTEKJUR

Suðurnes	281.437 kr.
Reykjanesbær	287.528 kr.
Grindavíkurbær	290.601 kr.
Sandgerðisbær	247.138 kr.
Sveitarfélagið Garður	273.411 kr.
Sveitarfélagið Vogar	252.392 kr.
Höfuðborgarsvæðið	353.724 kr.
Landið allt	326.782 kr.



AÐFLUTTIR UMFRAM BROTTFLUTTA Á SUÐURNESJUM 1996-2005



ALLT ÞAÐ BESTA Á EINUM STAÐ

▶ **FLÖT LCD SJÓNVÖRÞ**



UNITED
LTV37W60

37" LCD HD Ready BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, 800:1 skerpu og 550 cd/m2 birtu, 12ms svartíma og (H/V): 170°/170° sjónsviði, mynd í mynd (2 móttakarar), 2x8w Nicam Stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, heymartólstengi, VGA tengi, textavarpi og fjarstýringu.

TILBOÐ ▶ **149.990**
FULLT VERÐ kr. 199.990



JVC LT32S60

32" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með DynaPix og D.I.S.T., 1366x768 punkta upplausn og 1000:1 skerpu, 500cd/m2 birtu, 7ms svartíma, HD Ready, 20w RMS/BBE Nicam Stereo hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymartólstengi, VGA tengi (styður VGA og XGA), textavarpi og fjarstýringu.

TILBOÐ ▶ **169.990**

FULLT VERÐ kr. 249.990



JVC LT37S60

37" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með DynaPix og D.I.S.T., 1366x768 punkta upplausn og 1000:1 skerpu, 500cd/m2 birtu, 6ms svartíma, HD Ready, 20w RMS/BBE Nicam Stereo hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymartólstengi, VGA tengi (styður VGA og XGA), textavarpi og fjarstýringu.

TILBOÐ ▶ **199.990**

FULLT VERÐ kr. 299.990



JVC LT40S70SIL

40" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, DynaPix D.I.S.T. myndtækni sem fjölgrar línur og punktum, HD Ready, 800:1 skerpu, fullkomnum litstýringum, 20w RMS Nicam Stereo hljóðkerfi með MaxxBass, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymartólstengi, VGA tengi (styður VGA og XGA), textavarpi og fjarstýringu.

TILBOÐ ▶ **299.990**

FULLT VERÐ kr. 389.990



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍK/URSVAÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi, Samkaup, Borgarnesi, Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangnesi, Þristur, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík, KF V-Húvetninga, Hvammstanga, Krákur, Blönduós, Skagfirðingabúð, Sauðárkrúki, Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum, Verslunin Vík, Egilsstöðum, Verslunin Vík, Neskaupsstað, Kauptún, Vognafríði, KF Héraðsbúa, Seyðisfirði, Tumbaæður, Seyðisfirði, Sparkaup, Fáskrúðsfirði, Verslunin Vík, Reyðarfirði, Martólvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu, Fosstraf, Selfossi, Rás, Þorlákshöfn, Brínnes, Vestmannaeyjum, Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuhjálmar, Grindavík, Rafeindatækni, Keflavík, Rafagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

Ríkið þarf að ganga lengra í að draga sig af lánamarkaði:

Stýrihópsskýrslan örskref í rétta átt

HAFLIÐI HELGASON SKRIFAR

Skýrsla stýrihóps félagsmálaráðuneytis um hlutverk Íbúðalánasjóðs kom ekki mikið á óvart. Skipan nefndarinnar og takmarkað pólitískt umboð gerði það að verkum að ekki var við róttækum tillögum að búast.

Margt í tillögum stýrihópsins horfir til bóta fyrir framtíðarskipan íbúðalánamarkaðarinnar og virkar sem verdugt fyrsta skref í að færa þennan mikilvæga lánamarkað í átt að því sem tíðkast í flestum vestrænum lýðræðisríkjum. Ýmsu hefði mátt þoka ef slík nefnd hefði verið skipuð af breiðari hópi sem horfði til fleiri hagsmuna. Ljóst var af skipan hópsins að hann endurspegladi annars vegar hagsmuni Íbúðalánasjóðs sem fyrirbær og pólitíska sýn Framsóknarflokksins hins vegar. Miðað við þær forsendur og umboð er lítið út á niðurstöður hópsins að setja. Það er ósanngjarnt að ætlast til þess að menn komi saman til að leggja sjálfa sig niður. Spyrja má til að mynda hvers vegna fulltrúi frá Lánasýslu ríkisins sat ekki í slíkum hópi eða fulltrúi frá Seðlabankanum, svo og hvers vegna fulltrúar bankanna sátu ekki í hópnunum í stað þess að vera kallaðir fyrir hann.

Annað er í veginum. Lán til húsnæðisakaupa eru mikilvægur þáttur í lífi flestra kjósenda. Róttækar breytingar á skipan slíkra mála á kosningavetri urðu því að teljast afar ólíklegar. Auðvelt er fyrir stjórnarandstöðu og reyndar suma stjórnarþingmenn að gera breytingar í frjálrsræðisátt tortryggilegar.

Frestun á uppstokkun íbúðalánakerfisins er afar bagaleg og hefur skapað ýmis vandamál. Nýjar reglur um eiginfjárstöður banka gefa þeim mun meira svigrúm ef þeir eiga mikil útlán á íbúðalánamarkaði. Ástæðan er einfaldlega sú að slík lán eru talin með þeim tryggustu í lánasafni banka. Íbúðalán eru hryggjarkjör í bankakerfi nágrannalandsanna, en seinagangur í því efni hefur veikt fjármálakerfið í heild sinni meira en þörf var á. Eftir stendur að ekki eru rök fyrir því að ríkið standi í samkeppnisrekstri á lánamarkaði fremur en í annarri vörusölu.

Ríkisstjórn sem sjálf hefur staðið að markaðsvæðingu fjármálakerfisins með einkavæðingu er í mótsögn við sjálfa sig þegar hún heldur ríkinu sjálfu sem stórum þátttakanda á lánamarkaði. Stýrihópurinn hefði þurft pólitíska leiðsögn sprottna af þeirri sýn.

Aðkoma ríkisins að þessum markaði er sprottin af þeim veruleika sem þá var. Aðgengi að lánsfé var afar takmarkað og vart á færi annarra en þeirra sem nutu velvildar pólitíkusa í bankaröðum ríkisbankanna. Þeir tímar eru liðnir sem betur fer og aðgengi alls almennings er nú meira en jafnvel góðu hófi gegnir. Markmið aðkomu ríkisins er að tryggja að landsmenn eigi þess kost að fjármagna íbúðakaup á viðunandi kjörum. Þar sitja ýmsir hópar hjá. Ríkið hefur skyldur gagnvart slíkum hópum og við vanda þeirra má bregðast með öðrum hætti en þeim að ríkið sé í bullandi samkeppni um lán millitekjufólks sem á ekki að fá og þarf ekki að fá félagslega aðstoð eða ríkistryggð húsnæðislán.

Hagur neytenda er best tryggður með opnum markaði sem auðvelt er að komast inn á og virku samkeppnisefirliti. Samkeppni frá hendi ríkisins hjálpar þar ekkert til og gerir þvert á móti fátt annað en að hindra hagræðingu og innkomu nýrra aðila á markað.

Starfsaldur og völd

Jóhanna Sigurðardóttir er sá þingmaður sem lengst hefur setið á þingi og heitir því starfsaldursforseti þingsins. Jóhanna var kjörin á þing 1978 og hefur því setið sleitulaust við Austurvöll í 28 ár. Áttunda kjörtímabilinu hennar lýkur í vor en hún er hvergi nærri hætt og hyggur á framboð á ný. Sæunn Stefánsdóttir er á hinn bóginn sá þingmaður sem minnsta hefur reynsluna en hún tekur sæti Halldórs Ásgrímssonar á þingsetningarfundinum í dag. Sæunn er þó ekki rennblaut á bak við eyrun því hún hefur setið á þingi í samtals nokkra mánuði sem varamaður. Þó sú regla sé víða í heiðri höfð að



FRÁ DEGI TIL DAGS

þeir eldri og reyndari ráði ferðinni gerir lýðræðið það að verkum að völd og áhrif Sæunnar í þinginu eru að líkindum meiri en Jóhönnu.

Í vinnslu
Guðlaugur Þór Þórðarson opnaði kosningaskrifstofu við Lág múla í gær og bauð upp á kaffi og kökur. Í blaðauglýsingu var heimasíða framboðsins, guðlaugurthor.is, einnig kynnt en við skoðun kemur í ljós að vinnsla hennar er ekki langt komin. Sé smellt á kaflana ávarp, stefnumál og stuðningsmenn fást upplýsingar um að þeir séu enn í vinnslu.

Úpps, Björn misskilinn
Björn Bjarnason dómismálaráðherra leiðréttir á heimasíðu sinni í gær rúmlega hálfis árs gamlan misskilning. 15. mars féll dómur héraðsdóms

í Bausmálinu og daginn þann vitnaði Björn til heimssögunnar og sagði emfislega að sögu Rómaveldis hefði ekki lokið þó Sesar hefði fallið fyrir morðingjahendi. Í framhaldinu sagði hann ekki ætla að ræða um dóminn í Bausmálinu enda gæti lýsing hans á staðreyndum valdið uppnámi. Þrátt fyrir það vildu sumir meina að orðin um Rómaveldi ættu við um Bausmálið og ekki annað. Í gær upplýsir Björn hins vegar að hann hafi verið að fjalla um varnir landsins og skilur ekki „hvers vegna sumir fjölmiðlamenn hafi talið mig vera að fjalla um Bausmálið með þessum orðum mínum.“
bjorn@frettabladid.is



Örkin hans Ómars

Allt í einu var Ómar orðinn hættulegur af því hann sýndi þjóðinni landið sem átti að sökkva. Hann var skammaður fyrir að sýna fólki feegurðina. Einhvern veginn þannig hljómaði Andri Snær á Austurvelli kvöldið fallega þegar fólk fyllti bæinn fyrir Hjalladal og Ómar Ragnarsson. Við vorum kannski ekki öll jafn sannfærð og hann um að enn mætti hætta við fyllingu Háslóns en okkur langaði til að sýna honum stuðning og sýna ráðamönnum að ekki væru allir alveg sammála þeim.

Í sjónvarpsfréttum kvöldsins hafði talsmaður framkvæmdanna stigið fram, sármóðgaður yfir hugmyndum Ómars um að hætta við virkjunina, leyfa stíflunni að standa án lóns og finna rafmagn annars staðar. Kannski óþarfa viðkvæmni hjá manni sem búinn er að breyta heilum landshluta. Tækniratarinn virðast öllu viðkvæmari en verk þeirra. Í framhaldi af því má endursegja gamansögu sem Ómar lét flakka á Austurvelli: Hann bað Landsvirkjun um leyfi til að keyra á jeppa að bátum góða sem lá á sandmel rétt innan stíflu. Allt svæðið um kring var stórsþillt af stórvirkum vinnuvélum og gröfum verktakans. Samt sá Landsvirkjunarmaður ástæðu til að minna Ómar á að með þessu myndi hann brjóta lög um akstur utan þjóðvega.

Samkoman á Austurvelli var nokkuð mögnuð. Ómar talaði eins og eldprestur, fullur af sannfæringu og fítons krafti. Maður var næstum farinn að



HALLGRÍMUR HELGASON

Í DAG | Mótmæli, meðmæli og íslenska þjóðin.

trúa því að hugmynd hans um lónleysi væru raunhæf. Því næst talaði beittur prestur og síðan Andri Snær. Ég man ekki til þess að rithöfundur hafi talað á útifundi frá því ég sá HKL halda ræðu á 1. maí 1938. Andri var ekki síðri. Samt komst hann ekki í fréttirnar. Og þótti mér leitt að sjá. 12.000 manna fundurinn var ekki einu

Örkin hans Ómars er stórkostleg hugmynd. Eiginlega algjör snilldarhugmynd. Ef Ólafur Elíasson hefði fengið hana væri hún á forsíðum heimsblaðanna og komin á Fenejvatvíæringinn.

sinni fyrsta frétt í tíufréttum Sjónvarps. Þar fékk Björn Bjarnason að standa fremstur og fara með sína Öryggismálaþulu sem við kunnum flest utan að. („Verður þú nú varnarmálaráðherra?“ spurði brosandir fréttakona. „Nei, ætli ég verði ekki bara áfram sjálfsvarnarmálaráðherra“ svaraði BB. Djók.) Og kvöldið eftir mis-

tókst sjónvarpsmönnum alveg að skila þjóðinni heitustu punktunum í ræðu Ómars og hvergi sást Andri Snær. Þá sjaldan maður er viðstaddur fréttaviðburð sér maður vel hversu íslenskir fjölmiðlar eru miklir amatórar.

Þeir ná þó að hanga í skottinu á Ómari sem daginn eftir Austurvöll var mættur upp að Kárahnjúkum (!) og byrjaður að græja bátinn góða. Kastljós náði tali af honum. Það tal var nákvæmlega 55 sekúndur að lengd. Áhorfendur voru rétt að átta sig á stórkostlegri hugmynd þegar skipt var yfir í myndver, á fiðluleikarann snjalla sem var að eignast Stradivarius fiðlu: Spjall og spil upp á fjóra og hálfu mínútu.

Jæja. Þeir lofuðu meiru af Ómari daginn eftir.

Örkin hans Ómars er stórkostleg hugmynd. Eiginlega algjör snilldarhugmynd. Ef Ólafur Elíasson hefði fengið hana væri hún á forsíðum heimsblaðanna og komin á Fenejvatvíæringinn. Ólafur hefði alveg getað fengið þessa hugmynd. Hún er í hans anda. Hún er myndlist: Örkin vaggar á síhækkandi lóni og tekur myndir jafnóðum, af landslagi sem hverfur, landslagi sem myndast. Vonandi tekst vel til.

Þetta er hugmynd sem vísar allt aftur í Nóa gamla og jafn langt fram fyrir sig. Og því meira sem maður hugsar um hana áttar maður sig á því að þessi hugmynd er í raun stærri en stíflan sjálf. Hún fer langt með að réttlæta Kárahnjúkastíflu.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson. AÐSTODARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir. FRÉTTASTJÓRAR: Arnís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason. FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.

550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

Fjölskyldugerð sem gleymist?

Umræðan

Stjúpfjölskyldur

Umræða um kjör og stöðu meðlagsgreiðenda hefur verið áberandi í fjölmiðlum að undanförunu og margt áhugavert komið þar fram. Nokkrir hafa m.a. lýst þeirri skoðun sinni að nauðsynlegt sé að endurskoða skattaumhverfi meðlagsgreiðenda og er fyllilega hægt að taka undir það sjónarmið.

Stór hluti einhleyptra foreldra hefur sambúð að nýju og stofnar stjúpfjölskyldur þar sem annar eða báðir eiga börn úr fyrri samböndum. Lögjafinn hefur ákveðið að hluti stjúppforeldra, þ.e. þeir sem fara í sambúð eða hjónaband með foreldrum sem einir hafa forsjá barns, fari með forsjár- og framfærsluskilyldu gagnvart stjúpbörnum sínum. Í barnalögum segir: „Skyllt er stjúppforeldri að framfæra stjúpbarn sitt svo sem eigið barn þess væri ef það fer með forsjá þess skv. 3. mgr. 29. gr. Sama á við um sambúðarforeldri sem fer með forsjá barns samkvæmt sama ákvæði.“

Í skattalögum er ekki tekið mið af gerð og stærð fjölskyldna. Til að mynda sýna breskar rannsóknir að stjúpfjölskyldur eru almennt fjölmennari en aðrar fjölskyldugerðir – sem þarf ekki að koma á óvart.



VALGERÐUR HALLDÓRSDÓTTIR

óháð því hvar lögheimili þeirra er eða hver fer með forsjá þeirra.

Lág laun, óhóflegar kröfur um viðveru á vinnustað og óhagstætt skattaumhverfi bitna oft harkalega á stjúpfjölskyldum og börnunum sem þeim tilheyra.

Tímabært er að taka upp og skoða skattalögin í þessu tilliti og bæta hag stjúpfjölskyldna í landinu. Þær hafa verið nánast ósýnilegar í opinberum gögnunum og við opinbera stefnumótun. Við það verður ekki lengur unað!

Höfundur er félagsráðgjafi, MA og formaður Félags stjúpfjölskyldna.

ARINELDUR Í
STOFUNA
Hlýtt og notalegt
fyrir veturinn
BLS. 2



allt fasteignir

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNASÖLUR

Ás	14, 15, 16
Árborgir	20
Búmenn	20
Búseti	6
Draumahús	22, 23
Eignamiðlunin	25
Fasteignamarkaðurinn	9
Fast.félag Austurl.	17
Fast.miðlun Kópav.	30, 31
Fast.miðlunin Mjódd	19
Fast.miðlunin Múli	28
Fast.miðlun Reykjav.	29
Hof	8
Höfðabakki	6
Lundur	26, 27
Lyngvík	11
Neteign	12
Nýtt heimili	7
Valhöll	18
Viðskiptahúsið	10



Kársnesbraut 21 d er á falleg eign á góðum stað í Kópavogi.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn 2.
október, 275. dagur ársins
2006.



Sólarupprás Hádegis Sólarlag

Reykjavík 7.39 13.17 18.54

Akureyri 7.25 13.02 18.37

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað
smáauglýsingar á visir.is

Fallegar gönguleiðir í næsta nágrenni

Fasteignasalan Remax hefur til sölu
fallegt endaraðhús með mikilli lofthæð
í vesturbæ Kópavogs.

Húsið er á tveimur hæðum og er 169,5 fermetrar með bílskúr.

Komið er inn í forstofu á neðri hæð með dökkum náttúruflísam á gólfi og góðum fataskáp. Inn af forstofu er gestasnyrting með sturtuklefa. Eldhús er með víðarinnréttingu og rúmgóðum borðkrók. Borðstofa og stofa eru samliggjandi, bjartar og rúmgóðar með stórum gluggum og innfelldri halogenlýsingu í lofti ásamt fallegri loftklæðningu. Í borðstofu er innbyggður skápur og frá stofu er gengið út í afgirtan suðurgarð. Á neðri hæð er einnig þvottahús með skáp, vaski og flísam á gólfi. Úr þvottahúsi er gengið inn í rúmgóðan bíl-

skúr með heitu og köldu vatni, rafmagnshurðaropnara og geymslu með hillum.

Á efri hæð eru tvö svefnherbergi og baðherbergi. Hjónaherbergi er með fataskápum og norðursvölum með fallegu útsýni yfir Fossvogsdalinn og Nauthólsvík. Barnaherbergi er stórt með fataskáp og parketi á gólfi. Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf með ljósri innréttingu við vask, hornbaðkari með sturtuadstöðu, upphengdu salerni og handklæðaofni. Stórt rými er á efri hæðinni sem hægt er að nýta sem vinnuadstöðu eða breyta í herbergi. Mjög rúmgóður innbyggður fataskápur er á gangi á efri hæð.

Eignin er staðsett á grónum og vinsælum stað í Kópavogi og í næsta nágrenni má finna fallegar gönguleiðir, leikskóla, grunnskóla og sundlaug.

Ásett verð er 39,9 milljónir.



Nýju herbergin verða með glerveggjum frá gólfi til lofts.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Gler í hólf og gólf

ÚTLIT NÝBYGGINGARINNAR VIÐ GRAND HÓTEL TEKUR BREYTINGUM DAG FRÁ DEGI.

Starfsmenn Íslenskra aðalverktaka keppast nú við að setja glerveggi í nýbygginguna við Grand hótél sem stendur við Sigtún í Reykjavík. Þar með lokast hólf sem til þessa hafa blasað við vegfarendum. Stórir pakkar inni í þessum hólfum hafa vakið athygli og upplýsist það hér með að innihald þeirra er tilbúin baðherbergi. Fjórtnán hæða turnarnir tveir sem nú eru í byggingu verða tengdir við hótelið með glerfirbyggingu. Með þeim bætast 210 herbergi við þau sem fyrir eru, einnig fjórir ráðstefnusalur, tvö fundarherbergi og tveir veislusalir, auk heilsulindar og snyrtistofu. Ráðgert er að opna stækkað Grand hótél 16. mars næstkomandi.

Góð ástæða til að hanga heima



nýbýlavegi 18 | s. 517 2100

Mubla færir þér...
Heim þægindanna
– World of Comfort

Þýski húsgagnaframleiðandinn W.Schillig hannar og framleiðir einstaklega falleg og sterk húsgögn sem uppfylla hæstu gæðakröfur og svara um leið þörfum og óskum viðskiptavina.

Um leið og húsgögnin okkar flytja inn til þín fyllist heimilið af þægindum og fær nýjan blá. Heimur þægindanna færir þér hamingju.

Framleiðsla fyrirtækisins er virt um allan heim – og á alls staðar heima.

Rétt meðferð færir þér fimm ára ábyrgð.

mubla




GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
The Killers Sam's Town



skemmtir þér ;)

PETTA GERÐIST: 2. OKTÓBER 1967

Fyrsti svertinginn í hæstarétt

Á þessum degi árið 1967 var fyrsti blökkumaðurinn svarinn í embætti hæstaréttardómara í Bandaríkjunum. Þetta var Thurgood Marshall sem barðist hart fyrir réttindum blökkumanna alla sína tíð. Marshall fæddist í Baltimore árið 1908 og var barnabarn þræls. Hann nam lög við háskóla í Washington sem eingöngu var ætlaður blökkumönnum þar sem honum var neitað um inngöngu í lagadeild háskólans í Maryland vegna húðlitar. Hann útskrifaðist efstur í sínum bekk árið 1933. Hann tók að sér mál er vörðudu jafnrétti blökkumanna einkum þau sem lutu að menntun og vann þau nær öll.



THURGOOD MARSHALL

Árið 1961 tilnefndi John F. Kennedy, forseti Bandaríkjanna, Marshall sem dómara í áfrýjunardómstólunum. Margir voru þessu andsnúnir og einkum þingmenn frá Suðurríkjunum. Tilnefningin var því ekki staðfest fyrr en ári síðar. Árið 1967 tilnefndi Lyndon Johnson forseti Marshall í embætti hæstaréttardómara. Johnson sagði við þetta tilnefni: „Þetta er hið eina rétta að gera, þetta er rétti tíminn, rétti maðurinn og rétti staðurinn.“ Eftir töluvert málþóf var Marshall samþykktur í embættið og 2. október sór hann embættiseið. Hann gegndi stöðu hæstaréttardómara í 24 ár, en lét af störfum árið 1991 vegna hrakandi heilsu. Hann lést tveimur árum síðar.

MERKISATBURÐIR

- 1801 Biskupsstóll á Hólum er lagður niður og landið allt gert að einu biskupsdæmi.
- 1836 Charles Darwin snýr aftur til Englands eftir fimm ára ferðalag með HMS Beagle.
- 1847 Prestaskólinn tekur til starfa.
- 1937 Fyrsta mynd Ronalds Reagan, Love is in the air, er frumsýnd.
- 1940 Skömmtun á áfengi er tekin upp og stendur í fimm ár.
- 1964 Tækniskóli Íslands er settur í fyrsta sinn.
- 1995 O. J. Simson er sýknaður af ákæru um að hafa banað konu sinni.

MAHATMA GANDHI FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1869.

„Hugleysinginn er ekki fær um að sýna ástúð, það eru forréttindi hina hugrökku að geta það.“

Frelshetjan hafði kærleikann að leiðarljósi.



tímamót

timamot@frettabladid.is



Elskulegi vinur okkar og frændi

Kristinn Breiðfjörð

(Dinni) frá Flatey á Breiðafirði, Blesugróf 29,

lést þriðjudaginn 26. september. Jarðsett verður frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 3. október kl. 13.00. Þeim sem vildu minnst hans er bent á Styrktarfélag vangefinna.

Heimilisfólk Blesugróf 29 og aðstandendur.



Ástkær sonur okkar, föstursonur, bróðir, mágur og frændi,

Kristján Þórðarson

Álfaskeiði 90, Hafnarfirði,

verður jarðsönginn frá Víðistaðakirkju, Hafnarfirði, þriðjudaginn 3. október kl. 15.00.

Aðalheiður Kristjánsdóttir Vigfús Árnason
Þórður Rafn Guðjónsson Jónína Björnsdóttir
Guðjón Þórðarson Jensína Helga Finnjarnardóttir
Ingvar H. Þórðarson
Elisa Vigfúsdóttir Guðmundur Þorleifsson
Sigrún Óladóttir Hafsteinn Stefánsson
og frændsystkin.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Kristinn Ólafsson

trésníður, frá Reynisvatni, Silfurteigi 5,

lést á Landspítalanum við Hringbraut aðfaranótt föstudagsins 22. september. Útför hans fer fram frá Háteigskirkju miðvikudaginn 4. október kl. 13.00.

Fanný Guðbjörg Guðmannsdóttir
Sólveig Fanný Magnúsdóttir Hallgrímur H. Gröndal
Valdís Magnúsdóttir Unnsteinn Hermannsson
Halldóra Elín Magnúsdóttir Guðmundur A. Sæmundsson
Sigurður Sveinn Másson Vaida Másson
Jón Guðmann Jónsson
Barnabörn og langafabörn.

Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnst hins látna er bent á Krabbameinslækningsadeild Landspítalans 11E. s: 543-1159



BRAUTRYÐJENDUR Þau Berglind og Áki skrifuðu barnabók um stúlku sem á tvo feður. Þetta mun vera fyrsta bókin sinnar tegundar og verður henni dreift í alla leikskóla landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÁKI OG BERGLIND: SKRIFUÐU BARNABÓK UM STÚLKU SEM Á TVO FEÐUR

Fyrsta bók sinnar tegundar

Þau Áki Árnason og Berglind Sigurðardóttir útskrifuðust bæði með B.Ed. gráðu af leikskólabraut Kennaraháskóla Íslands á síðasta ári. Lokaverkefni þeirra var barnabókin „Sara“. Að sögn Áka er um að ræða „venjulega barnabók“ að öðru leyti en því að aðalsögupersónan á tvo feður. Bókin er á leið í prentun og í haust verður henni dreift í alla leikskóla á landinu.



Áki leggur áherslu á að hér sé á ferðinni venjuleg barnabók. „Í sjálfu sér er ekki neina beina fræðsla að finna í sjálfri bókinni. Í henni er aðalsögupersóna, boðskapur og allt þetta helsta sem þrýðir góða barnabók. Það eina sem gerir hana ólíka öðrum barnabókum er að aðalsögupersónan á tvo pabba.“ Fræðsluna er hinsvegar að finna í handbók sem fylgir með bókinni. „Þar er umfjöllun og fræðsla fyrir leikskólakennara um fjölskyldur samkynhneigðra. Fræðsla um þessi mál hefur verið af afar skornum skammti fyrir kennara á öllum skólastigum. Það er hins vegar mjög nauðsynlegt að þeir geti svarað af heiðarleika og öryggi ef upp koma spurningar um þessi mál.“

Þessa dagana er verið að leggja lokahönd á undirbúning fyrir prentun og sem fyrr segir verður bókinni dreift í alla leikskóla landsins innan tíðar. „Við völdum að fara þá leið að safna styrkjum og láta sjálf prenta bókina og dreifa henni endurgjaldslaut með handbókinni. Einhvern tímann verður kannski hægt að nálgast hana öðruvísi en þetta var okkar fyrsta markmið.“

Áki segir að þeim hafi gengið mjög vel að fjármagna verkefnið. „Við erum meðal annars búin að fá styrki frá Félagi leikskólakennara, Reykjavíkurborg og úr minningarsjóði Margrétar Björgólfsdóttur.“ Hann segist

nánast þora að fullyrða að ekki hafi áður verið gefin út barnabók hér á landi sem sýni þessa fjölskyldugerð. „Okkur langaði að gera fjölskylduform samkynhneigðra sýnilegra. Þessar fyrirmyndir þurfa að vera til staðar í barnabókum til þess að draga úr fordómum. Ekki síður er það nauðsynlegt fyrir börn samkynhneigðra svo þau fái tækifæri til að samsama sig persónum í barnabókum. Erlendis eru til einhverjar svona bækur. Við skoðuðum nokkrar þeirra og þær áttu það nánast allar sameiginlegt að gera fjölskyldumunstrið að aðalatriði. Við vildum ekki fara þá leið.“

Áki segir að þau Berglind hafi lesið bókina fyrir nokkra hópa barna. Hann segir viðbrögð þeirra hafa verið misjöfn. „Við höfum prófað að lesa bókina fyrir börn og láta þau teikna myndir að því loknu. Það er afar misjafnt hvað birtist í myndunum og það er alls ekki alltaf þannig að sú staðreynd að Sara eigi tvo pabba veki mesta athygli. Hugmyndin er hins vegar sú að ef kennarinn fær athugasemdir sé hann tilbúinn að bregðast rétt við og geti svarað spurningum af öryggi. Við ætlumst ekki til þess að bókinn sé lesin og að því loknu sé vakinn sérstök athygli á fjölskyldugerðinni. Alls ekki. Ég las hana fyrir hóp stráka um daginn og þeir voru flestir uppteknastir af fótboltanum og takkaskónum sem aðalsöguhetjan fékk í afmælisgjöf.“

Legsteinar
Kynningarafsláttur af völdum tegundum Fjölbreytt úrval Hagstæð verð Stuttur afgreiðslufrestur

Steinsmiðjan Rein
Viðarhófa 1 · 110 RVK.
sími 566 7878 · www.rein.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.


Fallegir legsteinar á góðu verði

Englasteinar
Hölluhrauni 10 Hafnarfirði
Sími: 565-2566
www.englasteinar.is

SÓLSTEINAR

- ★ Gæði
- ★ Þjónusta
- ★ Gott verð
- ★ Úrval
- ★ Fagmennska

Kársnesbraut 98 | Kópavogur | S: 564 4566
www.solsteinar.is | sol@solsteinar.is



TEKINN.

9 OKT. KL. NÍU


SIRKUS TV

© 2014

MÍÐASALA HEFST
ÞRIÐJUDAGINN
3. OKTÓBER KL. 10.00

Cliff

Laugardalshöll 28. mars 2007

Hljómleikar hefjast stundvíslega
kl. 20.00 Húsið opnar kl. 19


Miðaverð:

A-stúka kr. 11.900

B-stúka kr. 9.900

Stæði kr. 5.900

Miðasala er á midi.is
Skífan Laugavegi 26,
Kringlunni, SmáralindEinnig BT Akureyri,
BT Egilsstöðum
og BT Selfossi

LÉTT
BYLGJAN
967
RETTU LOGIN... ALLTAF!

IH
ISLANDIAHOTELL

mid.is

STUÐ MILLI STRÍÐA: Skrattinn hittir ömmu sína á netinu

ÞÓRGUNNUR ODDSDÓTTIR SKILUR EKKI HVAD SUMIR ERU DÓNALEGIR



Það færir alltaf í aukana að fólk geti sagt skoðanir sínar á ýmsum málefnum á vefnum. Annar hver maður er með blogg-síðu, óteljandi spjall-vefir leynast á netinu og fjölmiðlar verða sífellt gagnvirkari á þann hátt að nú geta menn sagt skoðanir sínar á þeim fréttum, pistlum og greinum sem birtast á netinu.

Þetta er auðvitað góð þróun. Hins vegar leiðist mér hvað fólk getur verið dónalegt í athugasemdum sínum á þessum vefjum. Í skjóli nafnleyndar leyfa menn sér að kalla aðra ljótum nöfnum og greinarhöfundar eru gagnrýndir persónulega í

stað þess að málflutningur þeirra sé dreginn í efa.

Vinkona mín skrifaði einu sinni athyglisverðan pistil á bloggsíðuna sína sem einhverjum þótti víðeigandi að fengi tengil á síðunni b2.is. Í kjölfarið jukust heimsóknir á heimasíðu vinkonunnar til muna og ókunnugt fólk skildi eftir athugasemdir sem margar voru gríðarlega ósmekklegar. Einhver sem ekki vildi láta nafns síns getið sagði henni að fara til andskotans, annar sagði að fólk eins og hún ætti að troða höfðinu á sér inn í óæðri endann og sá þriðji leyfði sér að fullyrða að hún væri fifl sem ætti ekki tilverur á þessari plánetu. Það vantaði ekki fyrirlysingarnar.

Ég velti því fyrir mér hvort þetta

sama fólk hefði látið þessi orð falla hefði það staðið augliti til auglits við vinkonuna.

Á öllum vefjum þar sem fólk skiptist á skoðunum virðist það sama vera uppi á teningnum. Þegar menn verða rökprota grípa þeir til þess ráðs að niða viðmælandann. Það virkar kannski þegar fjölskyldan rífst og skammast við matarborðið en það er bara hálf kjánalegt að kalla ókunnuga manneskju út í bæ sem þú hefur aldrei hitt fávita og aumingja.

Ög það kaldhæðislegasta er að ókunnuga fiflið sem þú rífst við á netinu og kallar sig Bóbó37 gæti allt eins verið eiginmaður þinn, besti vinur, dóttir eða amma. Það boðar varla gott þegar skrattinn hittir ömmu sína á spjallrás.

myndasögur**■ Pondus**

Eftir Frode Øverli

**■ Gelgjan**

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

**■ Handan við hornið**

Eftir Tony Lopes

**■ Kjölturakkar**

Eftir Patrick McDonnell

**■ Barnalán**

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





13.01.06 † Sæbraut
Pétur Sigurðsson
59 ára



19.01.06 † Hnífsdalsvegur
Þórey Guðmundsdóttir
17 ára



23.02.06 † Bæjarbraut
Halla Margrét Ásgeirsdóttir
15 ára



28.02.06 † Sæbraut
Guðrún Jónsdóttir
18 ára



04.03.06 † Hjalteyrargata
Sesar Þór Viðarsson
19 ára



07.05.06 † Kjósarskarðsvegur
John Joseph Cramer
47 ára



06.06.06 † Elliðavatnsvegur
Hallgrímur Páll Guðmundsson
34 ára



02.07.06 † Varmahlíð
Sigrún Kristinsdóttir
20 ára



02.07.06 † Óræfasveit
Heiðar Þórarinn Jóhannsson
52 ára



23.07.06 † Drangsnæsvegur
Þórður Björnsson
83 ára




23.07.06 † Eystri-Rangá
Birkir Hafberg Jónsson
26 ára



07.08.06 † Suðurlandsvegur
Rósa Björg Guðmundsdóttir
36 ára



16.08.06 † Kjalarnes
Linda Björg Rafnsdóttir
16 ára



16.08.06 † Garðskagavegur
Guðmundur Adam Ómarsson
21 árs



16.08.06 † Garðskagavegur
Jóhann Fannar Ingibjörnsson
34 ára



20.08.06 † Vesturlandsvegur
Eugeniusz Leszek Lojko
47 ára



23.08.06 † Vesturlandsvegur
Dariusz Wojewoda
25 ára



27.08.06 † Faxabraut
Bryndis Zophoniasdóttir
74 ára



28.08.06 † Borgarfjarðarvegur
Unnur Bettý Guðmundsdóttir
18 ára



14.09.06

NÚ SEGJUM VIÐ STOPP!

Það sem af er þessu ári (12. september) hafa nítján einstaklingar látið lífið í umferðarslysum á Íslandi. Þetta er hræðilegur fórnarkostnaður og við hljótum að spyrja hvort lífi einhvers þeirra hefði ekki mátt bjarga með betri umferðarmenningu.

Við skorum á alla Íslendinga að segja stopp. Þú getur lagt þitt af mörkum með því að fara inn á www.stopp.is og skrifa undir yfirlýsingu um betri hegðun í umferðinni.

Við vottum aðstandendum hinna látnu okkar dýpstu samúð og þökkum þeim fyrir að leggja okkur lið í þessu brýna verkefni.

www.stopp.is



UMFERÐARSTOFA

Serbneskur þrileikur



Kl. 10.00

Sýning Þórdísar Aðalsteinsdóttur, „Því heyrir þó hvíslað að einhverjir muni komast af“ í Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum er opin milli 10-17 alla virka daga.

Serbneski kvikmyndagerðarmaðurinn Goran Paskaljevic er sérstakur gestur Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík að þessu sinni. Nýjasta mynd hans, Hinir bjartsýnu (The Optimists), var frumsýnd á hátíðinni auk þess sem myndirnar Þúrtunna og Draumur á Þorláksmessunótt, sem saman mynda þrileik leikstjórans um heimaland sitt, eru sýndar á hátíðinni.

Paskaljevic hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir verk sín og er gjarnan talinn til svokallaðra kvikmyndagerðarmanna af Prag-skólanum sem útskrifast hafa úr kvikmynda-skólanum FAMU í Tékklandi. Fjöldi íslenskra kvikmynda-



LISTAMAÐUR AF PRAG-SKÓLANUM
Leikstjórinn Goran Paskaljevic spjallar við kvikmyndaunnendur í lönó í dag.

MYND/GETTYIMAGES

gerðarmanna hefur einnig numið við FAMU, þar á meðal Grímur Hákonarson, Silja Hauksdóttir, Börkur Gunnarsson og Þorsteinn Jónsson.

Paskaljevic varð nokkuð þekktur fyrir stuttar heimildarmyndir en það voru leiknar myndir hans í fullri lengd sem skipuðu honum í fremstu röð evrópskra leikstjóra. Stíll þeirra, umfjöllunarefni og tragikómískur andi eru undir áhrifum frá tékknesku nýbylgjunni.

Paskaljevic mun flytja erindi og svara spurningum kvikmynda-áhugafólks í lönó kl. 16 í dag. Aðgangseyrir er 1.500 krónur en hægt er að nálgast miða á heimasíðunni www.filmfest.is eða við inngang á meðan húsrúm leyfir.

> Ekki missa af...

sýningunni um **Karius og Baktus** hjá **Leikfélagi Akureyrar**. Boðskapur þeirrar sögu á alltaf við og á líka erindi við fullorðna.

samsýningunni **Guðs útvalda þjóð** sem stendur yfir í **Kling & bang** galleríi við Laugaveg. Sýningarstjóri er **Snorri Ásmundsson**.

tónleikum **Söngsveitarinnar Filharmoníu** sem flytur **Carmina Burana** eftir **Carl Orff** í **Langholti** á miðvikudaginn. Einstakt tækifæri til þess að njóta fagurarr tónlistar í frábærum flutningi.

menning

menning@frettabladid.is



Þjóðleikhúsið fyrir alla!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00

ELDHÚS EFTIR MÁLI eftir Völu Þórsdóttur byggð á sögum Svövu Jakobsdóttur. Lau. 7/10, fös. 13/10, lau. 14/10, fös. 20/10. Allra síðustu sýningar!

FAGNAÐUR eftir Harold Pinter.

Sun. 8/10 kl. 21:00, sun. 15/10 kl. 21:00. Allra síðustu sýningar!

SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ PINTER

Fyrirlestur um verk Nóbelskaldsins fyrir sýningu í Leikhúskjallaranum kl. 20:00, leikhúsgestum að kostnaðarlausu. Boðið er upp á kvöldverð í anda leiksýningarinnar kl. 19:00, upplýsingar og pantanir í miðasölu s: 551 1200

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.

Fös. 6/10 kl. 20:00 örfá sæti laus, lau. 7/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 8/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 14/10 kl. 14:00, sun. 15/10 kl. 14:00.

LEIKHÚSLOFTIÐ KL. 11:00

SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur.

Frumssýning lau. 7/10 uppselt, sun. 8/10, lau. 14/10, sun. 15/10.

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.

Fim. 5/10 uppselt, lau. 7/10 uppselt, sun. 8/10 kl. 17:00 uppselt, mið. 11/10 uppselt, fim. 12/10 uppselt, fös. 13/10 uppselt, lau. 14/10 örfá sæti laus, sun. 15/10 kl. 17:00 örfá sæti laus, fim. 19/10 uppselt, fös. 20/10 uppselt, lau. 21/10 uppselt, sun. 22/10 kl. 17:00 örfá sæti laus.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00

SUMARDAGUR eftir Jon Fosse.

Sun. 8/10 kl. 17:00, sun. 15/10 kl. 17:00.

Farandleiksýning í framhaldsskólum landsins í október

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker

Frumssýning í Fjölbrotaskóla Suðurlands þri. 10/10 kl. 13:00, forsýning kl. 10:00. Sýning í Menntaskólanum á Laugarvatni mið. 11/10 kl. 20:00.

Miðasala í síma **551 1200** og á netinu: www.leikhusid.is

Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 8:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.

„SKYLDI HÆNA HAFI SÁL?“

MEIN KAMPF

RONJA RÆNINGJADÓTTIR

Sun 8/10 kl. 14
Sun 22/10 kl. 14

Sun 15/10 kl. 14
Sun 29/10 kl. 14

MEIN KAMPF

Lau 7/10 kl. 20
Sun 8/10 kl. 20
Lau 14/10 kl. 20
Lau 21/10 kl. 20
Fös 27/10 kl. 20

VILTU FINNA MILLJÓN?

Fös 6/10 kl. 20
Sun 15/10 kl. 20

Fös 13/10 kl. 20
Fös 20/10 kl. 20

ÁSKRIFTARKORT

Endurnýjun áskriftarkorta stendur yfir!

FOOTLOOSE

Lau 7/10 kl. 20
Fim 12/10 kl. 20

Sun 8/10 kl. 20
Lau 14/10 kl. 20

5 sýningar á 9.900 kr.

HVÍT KANÍNA

Nemendaleikhúsið frumsýnir nýtt verk eftir hópin
Fim 5/10 kl. 20
Lau 7/10 kl. 20
Fös 6/10 kl. 20
Sun 8/10 kl. 20
BANNAD INNAN 16 ÁRA.
Engum hleypt inn án skilríkja.

FRÍTT FYRIR 12 ÁRA OG YNGRI

Börn 12 ára og yngri fá frítt í leikhúsið í fylgd með forráðamönnum*
*Gildir ekki á söngleiki og barnasýningar.

Mein Kampf e. George Tabori
Amadeus e. Peter Shaffer
Fagra veröld e. Anthony Neilson
Dagur vonar e. Birgi Sigurðsson
Söngleikurinn Grettir e. Ólaf Hauk
Simonarson, Þórarinn Eldjárn og Egill Ólafsson
Lík í óskilum e. Anthony Neilson
Ronja ræningjadóttir e. Astrid Lindgren
Viltu finna milljón? e. Ray Cooney
Belgíska Kongo e. Braga Ólafsson
Mannatæle. Stefan Zweig
Alveg briliant skilnaður e. Geraldine Aron
Íslenski dansflokkurinn og margt, margt fleira.

Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is

Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ



UPPRENNANDI BALLERÍNUR Á OPUNARHÁTÍÐ LISTDANSSKÓLANUM Aðsókn í skólann er alltaf mikil, en innan hans starfar sérstök grunnskóladeild þar sem þessar dömur stunda nám.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Dansinn dunar að nýju

Listdanskóli Íslands hélt opunarhátíð sína síðastliðinn miðvikudag og hóf þannig fyrstu önnina sem hann starfar sem einkarekinn skóli. Dansinn dunar því enn þótt aðstæður séu breyttar.

Eins og Lauren Hauser, sem hóf störf sem skólastjóri Listdanskólans í ágúst, minnstist á í ávarpi sínu, gengu breytingarnar á starfsemi ekki átakalaust fyrir sig. Lauren er þó ekki þeirrar skoðun-

braut og nútímalistdansbraut. „Mér finnst alls ekki slæmt að vera nú komin í samkeppni við hina skólana, hún hefur í raun alltaf verið til staðar,“ sagði Lauren. „Þó við störfum nú á sama grundvelli eru skólarnir ólíkir. Eins er það mismunandi hvaða skólar henta nemendum.“ Lauren segir nafn Listdanskóla Íslands enn hafa mikið vægi. „Við höfum úrvalslið kennara hjá okkur. Þetta er mjög fagmannlegur skóli og við gerum miklar kröfur.“ Listdanskóli Íslands er jafnframt eini dansskóli landsins sem hefur fengið viðurkenningu menntamálaráðuneytisins fyrir klassíska

braut og nútímalistdansbraut.

Lauren segir nemendur við skólann ekki finna fyrir miklum breytingum. „Flestir kennaranna héldu áfram hjá okkur, en ég réð líka nokkra nýja til að fá nýtt blóð inn í skólann.“ Listdanskólinn starfar nú samkvæmt sama áfangakerfi og framhaldsskólarnir. „Nemendur hér geta fengið námið sitt metið í menntaskóla. Menntaskólinn í Hamrahlíð hefur stofnað sérstaka listdansbraut, og þar geta nemendur fengið allt að fimmtíu einingar metnar,“ sagði Lauren, sem vill auka enn á samstarfið við menntaskólana. „Það hefur líka verið mikið rætt um stofnun listmenntaskóla. Það er eitthvað sem mér finnst mjög spennandi og myndi vilja vera hluti af. Það veit enginn enn hvað verður, en ég er ánægð með að hugmyndin sé til umræðu,“ sagði Lauren.

Að sögn Lauren fer dansáhugið ekki dvínandi, en fjöldi manns sækir um inngöngu í skólann á hverju ári. Þó er enn nokkur skortur á karlkyns nemendum, en Listdanskóli Íslands og Íslenski dansflokkurinn ætla að taka höndum saman til að ráða bót á því. „Við viljum vekja athygli strákanna á hvað dans er skemmtilegur og góð leið til að tjá sig líkamlega. Dansarar úr dansfloknum munu kenna fjögurra vikna námskeið við skólann í október og reyna að fá strákana í tíma,“ sagði Lauren. Hún segist þó vilja sjá meiri áhuga á dansi hjá almenningi. „Á Íslandi er blómlegt dansstarf, eins og Íslenski dansflokkurinn og Reykjavík Dance Festival eru dæmi um. Það er einnig mikið um að dansarar skipuleggi sýningar upp á eigin spýtur. Eg vildi að almenningur væri duglegri að sækja þessar sýningar,“ sagði Lauren. „Hér eru frábærir kennarar og hæfileikaríkir nemendur. Þessu ættu Íslendingar að vera stoltir af og styðja við okkar starf.“

sunna@frettabladid.is

afgangar

AFGANGAR
Fim. 5. okt. kl. 21.00
Fim. 12. okt. kl. 21.00

HAFIÐ BLÁA
Sun. 8. okt. kl. 13.30 **uppselt**
Sun. 15. okt. kl. 13.30 **sæti laus**
Sun. 22. okt. kl. 13.30 **sæti laus**

Miðasala Austurbæjar opinn 13 - 17 alla daga sími : 551 4700

DAGSKRÁ ALPJÓÐLEGU KVIKMYNDA- HÁTIÐARINNAR



Í DAG

Tjarnarbió

- 14.00 Vetrarferð
16.00 Áður en flogið er aftur til jarðar
18.00 Harabati hótelið
20.10 Leiðin til Guantanamo
22.00 Vetrarferð

Háskólabíó

- 18.00 Lifið í lykkjum
18.00 Hinir bjartsýnu
18.30 Umsátur
20.00 Ótakmarkað
20.00 Vort daglegt brauð
20.00 Claire Dolan
22.00 Exótica
22.00 Paradís núna
22.00 Allt annað dæmi
22.00 Sólín

Iðnó

- 14.00 Óhlekkaðir
16.00 Sakleysi
18.00 Af engum
20.00 Daganna á milli
22.00 Brosað á stríðssvæði

Á MORGUN

Tjarnarbió

- 14.00 Harabati hótelið
15.45 Bless Falkenberg
18.00 Grbavica
20.10 Leiðin til Guantanamo
22.15 Rauður vegur

Háskólabíó

- 17.45 Sápa
18.00 Vort daglegt brauð
18.00 Ótakmarkað
20.00 Með dauðann á hendi
20.00 Fjórar mínútur
20.00 Hreinn, rakaður
20.00 Fallandi
22.00 Sumarhöllin
22.00 Ótakmarkað
22.00 Norðurkjálkinn
22.30 Leynilíf orðanna

Iðnó

- 14.00 Sakleysi
16.00 Brosað á stríðssvæði
18.00 Málþing um fangabúðirnar á Guantanamo
20.00 Stúlkan er mín
22.00 Eins og Rollingarnir

Nánari upplýsingar um dagskrá hátiðarinnar má finna á www.filmfest.is



LITAGLEÐI REGNBOGANS Myndlist Charlottu Sverrisdóttur er til sýnis í húsgagnaversluninni Mira-Art og á netinu.

Litaflæði

Charlotta Sverrisdóttir opnaði sína þriðju einkasýningu um síðustu helgi í húsgagnaversluninni Mira-Art að Bæjarlind 6 í Kópavogi. Sýningin er á vegum Art-Iceland.com sem er Gallerí á Skólavörðustíg 1a og einnig á vefnum www.Art-Iceland.com.

Þessi sýning, „Litasinfónía“ einkennist af áhrifum sem Charlotta verður fyrir frá náttúrunni. Mosinn og hraunið grópa sig sterkt í undirvitund Charlottu og leitast hún við að flétta þessi hughrif inn í sköpunina. Litirnir flæða yfir myndflötinn eins og draumur úr annari veröld. Það er undravert hve margt skemmtilegt kemur fram þrátt fyrir að einungis eru notaðir þrjú litir í hverri mynd.

Veturinn 2000-2001 stundaði Charlotta myndlistarnám í Long Beach City College í Kaliforníu og lauk því með hæstu einkunn Andrúmsloftið og litagleðin í Kaliforníu höfðu sterk áhrif á Charlottu. Kemur það sérstaklega fram í sterkum litum sem hún heillast mjög af og einkenna verk hennar.

Pólskar bókmenntir

Pólski rithöfundurinn Olga Tokarczuk er stödd hér á landi í tilefni af Pólskum menningardögum. Tokarczuk sem er án efa meðal athyglisverðustu rithöfunda og ritgerðasmiða í sínu heimalandi, en hún er mikilsmetinn höfundur jafnt meðal gagnrýnenda og almennings. Margar bóka hennar hafa verið þýddar þar á meðal á ensku, frönsku, þýsku, dönsku og norsku.

Rithöfundurinn Sjón stýrir kynningu á pólskum nútímabókmenntum og verkum Tokarczuk í Grófarhúsinu við Tryggvagötu kl. 19 í kvöld og eru allir áhugasamir bókmenntaunnendur hvattir til að mæta.

RITHÖFUNDURINN SJÓN

Kynnir pólskar nútímabókmenntir í dag.



Þrottnámið
í
kvennabúrinu
W. A. Mozart
ATH! Aðeins 10 sýningar!

BROTNNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU - eftir W. A. Mozart
3. sýn. fös. 6. okt. kl. 20 - 4. sýn. sun. 8. okt. kl. 20 -
5. sýn. fös. 13. okt. kl. 20 - 6. sýn. sun. 15. okt. kl. 20
7. sýn. fös. 20. okt. kl. 20 - 8. sýn. sun. 22. okt. kl. 20
9. sýn. fös. 27. okt. kl. 20 - 10. sýn. sun. 29. okt. kl. 20 - SÍÐASTA SÝNING
Kynning fyrir sýningu í boði Vínafélags Íslensku Óperunnar kl. 19.15

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðsalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðsala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

RÝMINGARSALA

Á VALINNI METRAVÖRU - AÐEINS ÞRjú VERÐ

200, 400 og 600 kr./m.



Opið virka daga 10-18 og laug. 11-15

Flókið ástalíf hjá Orlando Bloom


Orlando Bloom hefur í nógu að snúast í ástamálunum um þessar mundir. Í síðustu viku var greint frá stefnumóti hans og leikkonunnar Penelope Cruz, þar sem þau gengu um og leiddust. Talsmaður Penelope neitar því þó að þau séu á föstu. Það er kannski eins gott því Orlando virðist ekki vera einnar konu maður. Fyrir skemmstu sást til hans og Umu Thurman og

PENELOPE CRUZ Neitar því að vera á föstu með Orlando.

þóttu þau láta afar vel hvort að öðru.

Fyrir utan þetta á Orlando í mestu vandræðum með samband sitt við unnustuna fyrrverandi, Kate Bosworth. Ekki er nema tæpur mánuður síðan þau bundu enda á fjögurra ára brösótt samband sitt. Skömmu fyrir sambandsslitin töldu fjölmiðlar líklegt að Orlando og Kate ætluðu að ganga í hjónaband. Svo fór ekki og þau reyna nú hvað þau geta til að forðast hvort annað.

UMA THURMAN Lét vel að leikaranum á stefnumóti fyrir skemmstu.



ORLANDO BLOOM Vinsæll hjá kvenþjóðinni svo ekki sé meira sagt.

Þau voru bæði á tískuvikunni í New York fyrir skemmstu og aðstoðarmenn leikaranna voru í fullri vinnu við að samræma áætlanir svo þau þyrftu ekki að rekast hvort á annað.



Höldum óhreinindum á mottunni Úti- og innimottur fyrir íslenskar aðstæður



NOTRAX® gólfmottukerfið

...fjarlægir óhreinindi og vætu af skóm
...hindrar að gólfnið innandyrna verði hált
...heldur anddyrinu hreinu og snyrtilegu

Á tilboði
í október 2006
Úti- og innimottur
af ýmsum gerðum
og stærðum

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



Sigþóra Gunnarsdóttir
Sölumaður í verslun RV

Glæsilegri kvikmyndahátíð fagnað

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík var sett fyrir helgi. Kvikmyndin The Queen var opnarmynd hátíðarinnar og eftir sýningu hennar var haldið á Hótel Borg þar sem gestir gátu gætt sér á glæsilegum veitingum í boði hátíðarinnar.



KÁTIR SJÁLFBODALIÐAR

Anna Rut, Valý Þórsteinsdóttir og Alma Joensen gæddu sér á veitingunum að sýningu lokinni en þær starfa sem sjálfboðaliðar á kvikmyndahátíðinni.



PLÖTUSNÚÐUR KVÖLDSINS Dj DelaRosa hélt uppi stuðinu í Gyllta salnum.



ÁNÆGÐ MEÐ KVÖLDIÐ Þau Björn Norðfjörð og Linda Hattendorf, sem er kvikmyndastjóri heimildarmyndarinnar The Cats of Mirikitani, voru ánægð með kvöldið.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Arvor 190 · 75 hestafla disilvel
Fullt verð 3.404.569 kr. · **Haustverð 3.280.000 kr.**



Quicksilver 630 Pilothouse · 120 hestafla Cummins/Mercury ser disilvel
Fullt verð 3.793.224 kr. · **Haustverð 3.500.000 kr.**



UPPSELÐUR

HAUSTDAGAR HJÁ R. SIGMUNDSSYNI

BÁTARNIR ERU HLAÐNIR AUKABÚNAÐI
AKKERISREIPI · AKKERISKEDJA
FRÍHOLT · 10 KG AKKERI
LANDFESTATÓG
OSULATI BJÖRGUNARVESTI
GARMIN GPS OG DÝPTARMÆLIR

**ALLIR
Í BÁTANA**

Komdu á haustdaga
R. Sigmundssonar að

Ánanaustum 1 og kynntu þér stórglæsilega báta á sérstöku haustdagaverði. Auk þess verður boðið upp á fjölmörg önnur áhuga-verð tilboð í versluninni.

Opið alla virka daga kl. 08–18.

VÉLASALAN radiomidun



R. SIGMUNDSSON

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000 | www.rs.is

Quicksilver Classic 20 · 220 hestafla Mercruiser og bátakerra
Fullt verð 4.495.438 kr. · **Haustverð 3.950.000 kr.**



Quicksilver 580 Pilothouse · 80 hestafla utanborðsmótor og bátakerra
Fullt verð 3.446.385 kr. · **Haustverð 3.190.000 kr.**



ÁSKORUN TIL NORÐLENDINGA!



SANNIÐ AÐ BESTA SÖNGFÓLKIÐ SÉ AÐ NORÐAN

ÁHEYRNARPRÓF VERÐA Á HÓTEL KEA, AKUREYRI
KL. 14:00 Á MORGUN

Við skorum á söngvara og sönghópa að mæta.
Skráning á xfactor.is.



X-Factor hefur farið sigurför um heiminn.
Taktu þátt í stærsta sjónvarpsviðburði á Íslandi!

www.xfactor.is



Nýtt í bió

Brennslauss. Heilalauss.

WILL FERRELL
TALLADEGA NIGHTS
THE BALLAD OF RICKY BOBBY

Will Ferrell, John C. Reilly og Sascha Baron Cohen (Ali G) fara á kostum í vinsælustu gamanmynd ársins í USA.

FRÁBÆR GAMANMYND UM ÞRjár VINKORUR SEM STANDA SAMAN OG HEFNA SÍN Á FYRRVERANDI KÆRSTA SEM DÓMPADI PEIMI! MED HINNI SJÓÐHEITU SOPHIA BUSH UR ONE TREE HILL.

EMPIRE **CLERKS 2** **DV**

ÞEIN VAR VELLES SVINDI OG SMITHI KLÓKUR! ERU EIRA NÁMSTU FÝRÐAGAS GAMANMYNDIN SEM EIG HEF SEDA Á AÐRANU! KVIKMYNDIRIS

EMPIRE **CRANK**

ÞAD ERU TIL ÞUSUND LEIÐIR TIL AD AUKA ADRENALINFLAÐIÐ I DAG ÞARF CHEV/CHÉLOS A OLLUMIAD MALDA

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

TALLADEGA NIGHTS	Kl. 5.30, 8 og 10.25
SÝND Í LÚXUS	Kl. 5.30, 8 og 10.25
JOHN TUCKER MUST DIE	Kl. 4, 6, 8 og 10
CLERKS 2	Kl. 8 og 10.15 bl. 12 ÁRA
ÞETTA ER EKKERT MÁL	Kl. 5.45 og 8
MY SUPER-EX GIRLFRIEND	Kl. 5.50 og 10.10
LITTLE MAN	Kl. 3.50
GRETTIR 2 ÍSL. TAL	Kl. 3.50

REGNBÖGINN SÍMI 551 9000

TALLADEGA NIGHTS	kl. 5.40, 8 og 10.20
JOHN TUCKER MUST DIE	kl. 6, 8 og 10
ÞETTA ER EKKERT MÁL	kl. 10.15
TAKK FYRIR AD REYKJA	kl. 8 bl. 7 ÁRA
VOLVER	kl. 5.50, 8 og 10.15 bl. 12 ÁRA
LEONARD C. I'M YOUR MAN	kl. 6

500 kr. í bió!

Bonganbíó SÍMI 462 3500

TALLADEGA NIGHTS	kl. 8 og 10
CRANK	kl. 6 og 10
JOHN TUCKER MUST DIE	kl. 8
CLERKS 2	kl. 6

www.laugarasbio.is

LAUGARAS BÍÓ - bara lúxus

WILL FERRELL
TALLADEGA NIGHTS
THE BALLAD OF RICKY BOBBY

STARSTA GAMANMYND ÁRSINS OG FÖR BENT Á TOPPINN Í USA

Sýnd kl. 5.45, 8 og 10.15

JASON STATHAM
CRANK
MY SMART

EMPIRE MAGAZINE

Sýnd kl. 6, 8 og 10.15 bl. 16

GRINSPENNUMYND
ÞRÁ WOODY ALLEN

SCOOP

Sýnd kl. 8

JASON STATHAM
CRANK
MY SMART

Sýnd kl. 6, 8 og 10.15 bl. 16

GEGGJUD GRINMYND

You, Me and Dupree

Sýnd kl. 10

GRETTIR 2

Sýnd kl. 6 ÍSL. TAL

www.laugarasbio.is

Full og vitlaus

Beyoncé Knowles fór langt yfir strikið á djamminu fyrir helgi þegar kærasti hennar Jay Z hélt



BEYONCÉ Var full og vitlaus í partíi á fimmtudagskvöldið.

til að hjálpa henni út í glæsikerruna sem beið fyrir utan. „Beyoncé er venjulega mjög róleg en þarna fór hún langt yfir strikið,“ sagði einn veislugestanna.

Steppdans og stuð

Bandaríska hljómsveitin Tilly and the Wall er með mest spennandi gestum á næstu Airwaves-hátíð en hljómsveitin hefur vakið athygli fyrir fjörugar popplagasmíðar og æsilega tónleika. Steinþór Helgi Arnsteinsson ræddi við Derek Pressnall, einn meðlim sveitarinnar.

Tilly and the Wall er frá smáborginni Omaha í Nebraska-riki og var stofnuð upp úr síðustu aldamótum. Auk Dereks, sem spilar á gítar og syngur, skipa sveitina þau Neely Jenkins, Nick White, Kianna Alarid og loks Jamie Williams sem hefur það skemmtilega hlutverk að tromma með steppdansi!

Stompa og steppa

Derek segir að það hafi óvænt komið upp á að Jamie hafi byrjað að steppa fyrir hljómsveitina. „Hún byrjaði að spila á gítar en þegar okkur vantaði ásláttarhljóðfæraleikara sagðist hún alveg getað steppað taktinn og við hin samþykktum það.“ Aðspurður hvort Jamie sé ekki úrvinda eftir hverja tónleika hlær Derek og svarar því til að sveitin útbúi tónleikadagskrána þannig að Jamie



TILLY AND THE WALL Spilar barnlegt stuðpopp með smá pönkivafi. Verður vafalaust ein helsta upplifun Airwaves í ár.

fái nauðsynleg hlé milli laga. „Hinar stelpurnar stomp-dansa líka á tónleikum þannig að það er mikið um stomp og stepp.“

Stærðin skiptir ekki máli

Hljómsveitin gefur út hjá plötufyrirtækinu Team Love í eigu Conor Oberst, aðalmannsins á bak við Bright Eyes, en hann er einnig frá Omaha. Í Evrópu sér hins vegar hið smáaxna Moshi Moshiplötufyrirtæki um dreifingu fyrir Tilly and the Wall en Derek segir að fólk í plötufyrirtækinu skipti meira máli en stærð þess. „Moshi Moshi og Team Love trúa á okkur sem listamenn og listsköpun okkar og þótt þetta væru risaplötufyrir-

tæki myndum við samt vera hjá þeim ef þau hefðu þessa trú á okkur.“

Mannlegt rokk og ról með steppi

Þegar Derek er beðinn um að lýsa nánar tónlist Tilly and the Wall gefur hann einfalt svar. „Við erum rokk og ról hljómsveit... með steppdansara.“ Hljómsveitin hefur gefið út tvær plötur, Wild Like Children og Bottoms of Barrel, en seinni platan er mun heilsteypari að mati Dereks. „Við gerðum Wild Like Children á tveggja ára tímabili þannig að hún er meira safn laga. Aftur á móti var Bottoms of Barrel sú fyrsta sem við tókum upp í stúdíói og meiri einbeiting fór í að gera hana að einni heild.“

Munurinn á breiðskífum og tónleikum sveitarinnar er hins vegar nokkur að sögn Dereks sem telur tónleika vera einstaklega mikilvæga fyrir hljómsveitina. „Við viljum ekki hljóma alveg eins og á plötunum okkar. Við erum mannleg, við klúðrum gítarhlutum, hoppum og dettum. Við gefum okkur öll í tónleikana og vonum þess vegna að áhorfendur geti gefið sig alla á sama hátt,“ útskýrir hinn glaðbeitti Derek að lokum og bætir við að hljómsveitar meðlimirnir geti ekki beðið eftir að kynast bæði landi og þjóð.

Audrey er endurfædd

Bandaríska verslanakeðjan GAP er þekkt fyrir að nota fræg andlit í



AUDREY HEPBURN

auglýsingaherferðum sínum. Ný auglýsing frá fyrirtækinu státar af hínu velþekktu andliti Audrey Hepburn, en Audrey lést fyrir þrettán árum. Í auglýsingunni sést hún dansa í atríði sem er tekið úr myndinni Funny Face frá árinu 1957. Lagið Back in black með AC/DC er leikið undir, en auglýsingin snýst einmitt um endurkomu þröngra, svartra buxna. Það má segja að andlit Audrey sé videigandi í þessu samhengi, því hún er almennt álitin holdgervingur kvenleikans í litla svarta kjólum sem hún gerði ódauðlegan í myndinni Breakfast at Tiffany's.

Michael vill búálfa

Nýjustu fréttir af Michael Jackson, kóngi alls sem skrítíð er, herma að hann áætli að opna búálfagard á Írlandi. Um er að ræða hina írsku búálfa sem ganga undir nafninu „leprechauns“. Michael mun vera heillaður af írskum þjóðsögum og þráir ekkert heitar en að opna skemmtigarð helgaðan þeim á eyjunni grænu. Áætlaður kostnaður við gerð garðsins er um 500 milljónir evra. Michael situr nú fundi með mögulegum fjárfestum, en fréttir herma að eitthvað hafi lækkað í fjárgæmslum hans eftir réttarhöldin viðfrægu. Í þjóðsögu segir að írsku búálfarnir varðveiti fullan pott af gulli, sem mennirnir reyni stöðugt að finna en tekst aldrei. Spurningin er því hvort Michael sé heillaður af þjóðsögum, eða trúir þeim.



Keramík fyrir alla

Barnaafmæli
Bekkjarferðir

Frábær skemmtun fyrir allan hópinn.
Tilboðspakkar

Keramík og pizza frá kr 1190 á mann

Keramík fyrir alla, sími 552 2882, Laugavegi 48b. Sjá lýsingu: www.keramik.is

9 HVER VINNUR!

FRUMSÝND 29/09/06

WILL FERRELL
TALLADEGA NIGHTS
THE BALLAD OF RICKY BOBBY

SENDU SMS SKEYTIÐ JA TNF Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA FYRIR TVÖ!

VINNINGAR ERU BÍOMÍÐAR FYRIR TVÖ, DVD MYNDIR OG MARGT FLEIRA!

MasterCard, BÍÓ.IS, SMÁRA BÍÓ, REGNBÖGINN, BÍÓ.IS

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS Klúbb. 99 kr/skeytið.

Jack Black
NACHO LIBRE

GLÆNÝ TEGUND AF FERÐAMONNUM

ÓBYGGÐIRNAR
"THE WILD"
Sýnd með íðensku og ensku tali!

Step Up

BÖRN
KVÍKMYND EFTIR RAGNAR BRAGASON

Reykjavík International Film
Sept 28 - Oct 8
Festi 2006

HÁSKÓLABÍÓ 2. OKT.

LÍFIÐ Í LYKKJUM	18:00
HINIR BJARTSÝNU	18:00
UMSÁTUR	18:30
VORT DAGLEGT BRAUÐ	20:00
ÓTAKMARKAÐ	20:00
EXOTICA	20:00
CLAIRE DOLAN	20:00
ALLT ANNAÐ DÆMI	22:00
PARADIS NÚNA	22:00
SÓLIN	22:00

PROPOSITION

THE ALIBI

UNITED 93

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA	
HARSH TIMES	kl. 6 - 8 - 10:30 B.1.16
HARSH TIMES VIP	kl. 8 - 10:30
NACHO LIBRE	kl. 5:50 - 8-10:10 B.1.7
ÓBYGGÐIRNAR	M/- ísl. tal kl. 4 - 6 Leyð
THE WILD	M/- ensku tal kl. 4 - 6 Leyð
THE ALIBI	kl. 10:30 B.1.16

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI	
HARSH TIMES	kl. 8 - 10:30 B.1.16
BÖRN	kl. 6 - 8 - 10:15 B.1.12
ÓBYGGÐIRNAR	M/- ísl. tal kl. 6 Leyð
UNITED 93	kl. 10:15 B.1.14
BJÓLFSKVIDA	kl. 5:50 B.1.14
AN INCONVENIENT TRUTH	kl. 8 Leyð

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK	
NACHO LIBRE	kl. 8 - 10:10 B.1.7
STEP UP	kl. 8 - 10 B.1.7

SAMBÍÓIN / AKUREYRI	
BEERFEST	kl. 6 - 8 - 10 B.1.12
THE WILD	M/- ísl. tal kl. 6 Leyð
NACHO LIBRE	kl. 8 - 10 B.1.7

Munið afsláttinn



LE CHIFFRE Mads Mikkelsen lét það vera sitt fyrsta verk að hringja í góðvin sinn Ulrich Thomsen og segja honum að sitt hlutverk væri stærra en Thomsens í nýjstu Bond-myndinni.

Mitt er stærra en þitt

Nóg hefur verið fjallað um valið á Daniel Craig í hlutverki James Bond í Casino Royal, nýjstu James Bond-myndinni, en minna um skúrinn Le Chiffre sem danski leikarinn Mads Mikkelsen leikur. Daninn knáí tjáði sig um valið við vefþáttinn ugo.com og þar sagði Mikkelsen að hans fyrsta verk hefði verið að hringja í góðvin sinn Ulrich Thomsen og monta sig af því að hans hlutverk væri

stærra en Thomsens, en sá síðast-nefndi lék einmitt skúrinn í Bond-myndinni The World is not enough. „Ég naut þess virkilega að stríða honum á þessu,“ sagði Mikkelsen í samtali við vefinn. „Ég blaðaði í handritinu og Thomsen dó á síðu fimmtán í sinni Bond-mynd en þegar ég var kominn á blaðsíðu 85 í Casino Royal var ég enn á lífi,“ bætir Mikkelsen við og hafði augljóslega gaman af.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikkonan unga **Lindsey Lohan** er komin í pásu með kærasta sínum Harry Morton eftir aðeins þriggja mánaða samband. Harry hefur tjáð sig um sambandslitin og segist bera mikla virðingu fyrir Lohan og að hún sé frábær manneskja. Það var hins vegar fjölmiðlafarið í kringum Lohan og partistand hennar sem gerði út um sambandið.

Popprinsessan **Britney Spears** er nú búin að reka fjölmiðlafulltrúa sinn og hefur tekið að sér starfið sjálf. Britney er nýbúin að eignast sitt annað barn með eiginmanni sínum **Kevin Federline**. Þetta byrjaði með því að Britney vildi sjá sjálf um samskiptin við fjölmiðlana sjálf í kringum fæðingu sonars síns í byrjun september og ákvað í kjölfarið að

taka starfið alveg að sér. Það verður því mikið að gera hjá Britney í framtíðinni við að skipta á syninum ásamt því að tala við fjölmiðla, en fjölmiðlafarið í kringum hana hefur verið mikið síðan hún fæddi frumburð sinn fyrir rúmu ári.

filmfest.is

Daganna á milli

Iðónó 20:00

In Between Days
Leikstjórnin So Yong Kim og framleiðandinn Bradley Rust Gray svára þvi hvornig XXX-Rottweiler enduðu með lag í mynd um kóreska innflytjendur í N-Ameríku.

Tjarnarbió	Háskólabíó
14:00 Vetrarferð	18:00 Lífið í lykkjum
16:00 Áður en flogið er...	18:00 Hinir bjartsýnu
18:00 Harabati hótelið	18:30 Umsátur
20:10 Leiðin til Guantan...	20:00 Ótakmarkað
22:00 Vetrarferð	20:00 Vort daglegt brauð
	20:00 Claire Dolan
	20:00 Exotica
	22:00 Paradis núna
	22:00 Allt annað dæmi
	22:00 Sólin

CASA FIESTA

ANTHÓNIO MENEZES FOLK
SINCE 1928

HUGSAÐU MEÐ BRAGÐLAUKUNUM

> Stjarnan tapaði með sjö marka mun

Karlalið Stjörmunar lék í gær við króatíska liðið RK Agram Medvescak Zagreb á útivelli í Evrópukeppni félagsliða í handbolta. Stjarnan tapaði leiknum 36-29 og Sigurður Bjarnason, þjálfari liðsins, sagði að þeir hafi verið sjálfum sér verstir. „Við byrjuðum ágætlega en svo fórum við að gera klaufaleg mistök í sókninni og þeir fengu nokkur hraðauppþlaup fyrir vikið og við erum tíu mörkum undir í hálfleik, 21-11. Síðan mættum við mjög grimmir í síðari hálfleikinn en vorum klaufar í restina. Við vorum búnir að minnka muninn í fimm mörk og áttum möguleika á því að minnka muninn í fjögur mörk en gerðum okkur seka um klaufaleg mistök í restina,“ sagði Sigurður Bjarnason og bætti því við að þetta einvígi væri langt frá því að vera búið. Síðari leikur liðanna er á sunnudag.



sport

sport@frettabladid.is

EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN: SKORAÐI GOTT MARK GEGN ATHLETIC BILBAO

Eiður tileinkaði Samuel Eto'o sigurinn

Spænskir fjölmiðlar spara ekki hrósið á Eið Smára Guðjohnsen sem átti ríkan þátt í sigri Barcelona á Athletic Bilbao á laugardagskvöldið. Eiður kom sínum mönnum yfir í stöðunni 2-1 með fallegu marki en hann hafði þá fiskað mann út af með rautt spjald og lagt upp fyrsta mark Börsunga. Íþróttablöðin Sport og Marca segja að hann hafi verið langbesti maður leiksins en fyrir leikinn sló Marca því upp í fyrirsögn að hinn ný Samuel Eto'o væri víkingur. Kamerúninn meiddist í síðustu viku og verður frá næstu fimm mánuðina. Blöðin segja svo eftir leikinn að Eiður hafi spilað svo vel að allir hafi gleymt Eto'o um stund. Ronaldinho olli hins vegar vonbrigðum í leiknum, fékk fimm í einkunn en Eiður fékk átta. Sjálfur sagði Eiður eftir leikinn að allir í liði Barcelona tileinkuðu Eto'o sigurinn í Bilbao. Óskaði hann þess að Eto'o „næði skjótum og góðum bata“. Hann var vitanlega ánægður með sigurinn og sagði að liðið þyrfti að halda áfram á þessari braut. Aðspurður um rauða spjalðið sem Casas fékk fyrir að brjóta á Eiði Smára snemma leiksins sagði hann að dómurinn hefði vissulega verið strangur. „En það er hlutverk dómars að skera úr um slík

mál, hann hefur túlkað brotið á sinn hátt,“ sagði Eiður. Eiði var svo skipt af velli á 72. mínútu en fyrir hann kom Javier Saviola inn á en hann skoraði þriðja mark Börsunga í leiknum sem lauk 3-1. Var það fyrsta mark hans fyrir liðið í á þriðja ár. Frank Rijkaard, stjóri Barcelona, var ánægður með mörk þeirra félaga. „Pau höfðu róandi áhrif á liðið og við gátum leyft okkur að sækja meira í kjölfarið. Eiður hefur lagt mikið á sig þrátt fyrir að hafa enn ekki leikið heilan leik og var markið sem hann skoraði mikilvægt, bæði fyrir hann persónulega og liðið sjálft,“ sagði sá hollenski. Framundan er landsleikjahlé í evrópsku deildunum og mun Eiður fara fyrir sínum mönnum í íslenska landsliðinu gegn Lettum og Svíum um helgina og í næstu viku.



Guðjón Valur sökkta Fram

Gummersbach vann í gær tólf marka sigur á Fram en þeir síðarnefndu áttu frábæran fyrri hálfleik. Í þeim síðari sögðu Alfreð Gíslason og lærisveinar hans stopp og fór Guðjón Valur Sigurðsson á kostum er hann skoraði sextán mörk.

HANDBOLTI Fram hlaut eldskírn sína í meistaraeild Evrópu er Íslendingaliðið Gummersbach kom frá Þýskalandi og vann 12 marka sigur í Laugardalshöllinni. Reyndar voru Róbert Gunnarsson og Sverre Andreas Jakobsson, báðir gamlir Framarar, fjarverandi en Guðjón Valur Sigurðsson var eini maður gestanna sem lék vel allan leikinn. Hann skoraði sextán mörk úr nítján skotum og misnotaði meira að segja eitt víti. Í fyrri hálfleik var hann reyndar ekki besti maður vallarins því þá fór Björgvin Gustavsson hamförum á milli stanganna hjá Fram. Hann varði meirihluta þeirra skota sem á hann komu og hafði í hálfleik varið fimmtán skot. Þá var munurinn á liðunum einungis eitt mark en leikmenn Gummersbach tóku til sinna ráða í síðari hálfleik og voru ekki nema nokkrar mínútur að gera út um leikinn. Niðurstaðan 38-26 sigur Þjóðverjanna.

Fyrri hálfleikur Fram var líklega einn sá besti hjá félaginu í mörg ár. Liðið lék sem einn maður og bar enga virðingu fyrir atvinnu-mönnum frá Þýskalandi. Erfitt er að taka einhvern einn úr hópn um því markaskorun dreifðist vel á milli manna og varnarvinna liðsins var til fyrirmyndar. En sem fyrr segir var Björgvin í ham og sýndi á köflum heimsklassamarkvörslu. Það hefur sjálfsagt glatt Alfreð Gíslason landsliðsþjálfara en Alfreð Gíslason þjálfari Gummersbach fussaði og sveiaði. Jafnt var á nánast öllum tölum lengst af í fyrri hálfleik en Fram komst yfir í stöðunni 11-10.



GUÐJÓN VALUR FÓR Á KOSTUM Í LAUGARDALSHÖLLINI Í GÆR OG SKORAÐI SEXTÁN MÖRK.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gummersbach skoraði þá þrjú í röð, Fram jafnaði en Guðjón Valur kom sínum mönnum yfir fyrir leikhlé, 14-13.

Gummersbach var ekki nema fjórar mínútur að komast fjórum mörkum yfir og sextán mínútur að komast tólf mörkum yfir. Þá var öllum ljóst hvernig myndi fara en Framarar héldu haus síðustu mínúturnar og komu í veg fyrir enn stærra tap en raunin varð.


Guðjón Valur var afar hógvæver í leikslok. „Við skoruðum 38 mörk og það er það eina sem skiptir máli,“ sagði hann við Fréttablaðið. En hvað gerðist í hálfleik hjá liðinu?

„Við ákváðum að standa saman sem lið og spila okkar handbolta í seinni hálfleik. Það gekk einfaldlega eftir.“

eirikur.asegisson@frettabladid.is



FLUGMÁLASTJÓRN ÍSLANDS
Icelandic Civil Aviation Administration



Dr. Assad Kotaite
fyrirum forseti fastaráðs ICAO heldur fyrirlestur um
Framtíð alþjóðlegs flugs
Challenges of international civil aviation

Hátíðarsalur Háskóla Íslands
kl. 16:00, 3. október

